

Stjórnartíðindi

2003 - B-deild - B129-131

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

Stjórnartíðindi

B 129-131

Nr. 855-879

2003

Efnisyfirlit B 129–131 2003

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsfðutal
855	17. nóv.	Auglýsing um staðfestingu reglna sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta	2613-2616
856	17. nóv.	Reglugerð um ullarmat	2616-2618
857	20. nóv.	Reglugerð um sérstök línu- og netasvæði	2619
858	20. nóv.	Reglugerð um breytingu á reglugerð um stærð og þyngd ökutækja, nr. 528 4. september 1998	2620
859	11. nóv.	Auglýsing um breytingu á áfrýjunarfjárhæð	2621
860	20. nóv.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 736/2003 um sýnatökur og meðhöndlun sýna fyrir greiningar á aðskotaefnum í matvælum	2622-2629
861	18. nóv.	Reglugerð um merkingar og upplýsingaskyldu varðandi orkunotkun rafmagnsöfnu til heimilisnota	2629-2632
862	20. nóv.	Reglugerð um breytingu á reglugerð um ökuskírteini nr. 501 11. ágúst 1997	2632-2640
863	10. nóv.	Skipulagsskrá fyrir Landspítalaskólinn Íslands	2640-2642
864	14. nóv.	Gjaldskrá um gatnagerðargjald í Eyjafjarðarsveit	2642-2645
865	14. nóv.	Reglur um veitingu viðbótarlána til íbúðarkaupna í Eyjafjarðarsveit	2645-2647
866	14. nóv.	Reglur um úthlutun félagslegra leiguíbúða Eyjafjarðarsveitar	2648-2650
867	14. nóv.	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi í Eyjafjarðarsveit ..	2650
868	20. nóv.	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 540/2001, um tíma- bundna endurgreiðslu 2/3 hluta virðisaukaskatts vegna kaupna eða leigu hópferðabifreiða	2650-2651
869	14. nóv.	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi við Vesturhraun I í Molduhrauni í Garðabæ	2651
870	18. nóv.	Auglýsing um skrár Rangárbings ytra skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna	2651-2652
871	20. nóv.	Reglugerð um breytingu á reglugerð um gerð og búnað ökutækja, nr. 308 15. apríl 2003, með síðari breytingu	2652-2653
872	20. nóv.	Reglugerð um takmörkun á notkun og markaðssetningu nónýlfenóls og nónýlfenóletoxýlata	2653-2654
873	20. nóv.	Auglýsing um hættumat fyrir Patreksfjörð	2654
874	14. nóv.	Auglýsing um skipulag á Akureyri	2655
875	24. nóv.	Auglýsing um deiliskipulag í Kópavogi	2655-2656
876	20. nóv.	Reglur um Heilbrigðisvísindastofnun Háskólans á Akureyri	2656-2658
877	18. nóv.	Gjaldskrá Meindýravarna Reykjavíkurborgar	2659
878	6. nóv.	Auglýsing um breytingu á auglýsingu um gjaldskrá, gjaldskyldutíma og leyfilegan hámarkstíma á gjaldskyldum stöðureitum í Reykjavík	2659
879	18. nóv.	Gjaldskrá fyrir sorphirðu í Reykjavík	2660

STJÓRNARTÍÐINDI B 129 – 2003

17. nóvember 2003

2613

Nr. 855

AUGLÝSING

um staðfestingu reglna sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta.

1. gr.

Með vísan til 3. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 596, 8. ágúst 2003, um úthlutun á 1.500 þorskígildislestum til stuðnings sjávarbyggðum, staðfestir ráðuneytið eftirgreindar úthlutunarreglur þessara sveitarfélaga:

1. Sandgerðisbær.

Úthlutun fer samkvæmt samstarfssamningi Sandgerðisbæjar við fiskverkendur og útgerðarmenn frá 20. febrúar 2003, sem kynntur hefur verið ráðuneytinu.

2. Grundarfjarðarbær.

Úthlutað verði til fiskiskipa í eigu útgerða sem lögheimili eiga í Grundarfirði. Hluta Grundarfjarðar verði skipt milli skipa, sem gera út frá Grundarfirði í hlutfalli við landaðan afla þeirra þar á síðasta fiskveiðarári.

3. Súðavíkurbætur.

1. Úthlutaður byggðakvóti verði unninn í Súðavík.
2. Úthlutað verði til aflamarks- og krókaafلامarksskipa.
3. Fullnægi fleira en eitt skip skilyrðunum verði byggðakvótanum skipt jafnt milli báta þó skal heildaraflamark eða krókaafلامark ekki aukast um meira en 100% miðað við úthlutun í upphafi yfirstandandi fiskveiðarárs.
4. Skip sem fá byggðakvóta landi a.m.k. sama magni af eigin aflaheimildum til vinnslu í Súðavík.
5. Um úthlutunina gilda að öðru leyti ákvæði 3. gr. reglugerðar nr. 596, 8. ágúst 2003.

4. Hólmavíkurbætur.

Úthlutun fer samkvæmt samningi Hólmavíkurbætur við útgerðir og fiskvinnslu frá 30. október 2003, sem kynntur hefur verið ráðuneytinu.

5. Skagafjörður.

Skipta skal aflaheimildum milli fiskiskipa á grundvelli 3. gr. reglugerðar nr. 596/2003 þó þannig að aðeins koma til greina fiskiskip minni en 50 brúttótonn.

6. Siglufjarðarkaupstaður.

1. Skipta skal aflaheimildum milli fiskiskipa sem skráð eru á Siglufirði á grundvelli 3. gr. reglugerðar nr. 596/2003.
2. Bátum sem úthlutað er byggðakvóta er skylt að leggja til aflaheimildir að lágmarki til jafns við úthlutaðan byggðakvóta og skoðast móttækin umsókn sem staðfesting viðkomandi á því að það verði gert. Umsækendum er heimilt að bjóða fram aukið hlutfall eigin aflaheimilda og getur það haft áhrif á hlutfallslega úthlutun byggðakvóta til aukningar.
3. Afla sem fenginn er á grundvelli aflaheimilda samkvæmt 2. tl. er skylt að landa til vinnslu á Siglufirði. Skal umsókn um byggðakvóta fylgja staðfesting fiskverkunar um að afli verði unninn þar. Öllum afla samkvæmt þessari grein skal landað fyrir lok fiskveiðiárs.
4. Úthlutaður byggðakvóti er ekki framseljanlegur. Framselji útgerðir aflaheimildir á yfirstandandi fiskveiðiári skulu þær afsala sér sambærilegu magni af byggðakvótanum, sem úthlutað verður að nýju.
5. Í lok fiskveiðiárs skulu útgerðir sem fengið hafa byggðakvóta skila til sveitarstjórnar skýrslu um landaðan afla til vinnslu í því fiskverkunarfyrirtæki, sem þeir tilnefndu sem samstarfsaðila og skal skýrslan staðfest af viðkomandi vinnsluaðila. Verði skýrslu ekki skilað eða ákvæðum þessara reglna um löndun afla ekki fylgt skulu viðkomandi bátar ekki eiga rétt á úthlutun byggðakvóta komi til slíkrar úthlutunar.

7. Raufarhafnarhreppur.

Byggðakvótanum verður skipt jafnt milli þeirra báta sem sótt verður um fyrir, að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

1. Fyrir hvert kíló af þorski sem bátur fær í byggðakvóta skal leggja fram tvö kíló af þorski á móti af eigin aflaheimildum. Þeim afla skal landa til vinnslu á Raufarhöfn. Skal undirrituð staðfesting fiskvinnslu um samstarf fylgja umsókninni. Öðrum tegundum en þorski er útgerðinni frjálst að ráðstafa. Þó skal landa a.m.k. 75% af aflaheimildum viðkomandi báts í gegnum hafnarvog á Raufarhöfn.
2. Útgerð báts sem fær úthlutað byggðakvóta má hvorki leigja eða selja af eigin aflaheimildum í þorski á fiskveiðiárinu 2003/2004. Bátur skal fyrst landa eigin aflaheimildum áður en byggðakvóti er færður á viðkomandi bát.
3. Aðeins einn bátur frá sömu útgerð getur fengið byggðakvóta og skal báturinn hafa verið gerður út frá Raufarhöfn undanfarið ár og ekki verði breyting þar á. Þá skal og áhöfn báts vera með lögheimili á Raufarhöfn. Sé sótt um undanþágu frá skilyrði um lögheimili skal hún vel rökstudd í umsókn.
4. Fyrir 1. júlí 2004 skulu útgerðir þeirra báta sem fengið hafa byggðakvóta gera sveitarstjórn skriflega grein fyrir því hvernig þeir muni nýta úthlutaðar aflaheimildir fyrir lok fiskveiðiárs. Geti hlutaðeigandi ekki fylgt reglum sveitarstjórnar skal hann afsala sér byggðakvótanum, sem síðan verður endurúthlutað.
5. Umsóknarfrestur um byggðakvóta er til 20. desember og verður öllum umsóknum svarað fyrir 20. janúar 2004. Verði á næsta ári úthlutað byggðakvóta með svipuðum hætti og í ár mun sveitarstjórn hafa reynslu þessa árs til hliðsjónar.

8. Þórshafnarhreppur.

1. Aflaheimildum skal úthlutað til þeirra báta, sem gerðir eru út frá Þórshöfn og landað hafa afla þar, enda verði ekki breyting þar á.
2. Skilyrði er að viðkomandi útgerð flytji ekki af viðkomandi báti aflamark nema sem skipti á aflamarki.
3. Byggðakvóti Þórshafnarhrepps skiptist milli einstakra báta þannig að 70% miðast við stærð báta en 30% skiptist jafnt.
4. Hver útgerð sem úthlutað verði byggðakvóta landi a.m.k. helmingi meiri afla en sem nemur byggðakvótanum til vinnslu á Þórshöfn.

9. Borgarfjarðarhreppur.

1. Hreppsnefndin auglýsir eftir umsóknum um byggðakvóta.
2. Byggðakvótanum verður skipt jafnt milli þeirra báta sem skráðir voru og gerðir út frá Borgarfirði í upphafi fiskveiðiársins.
3. Þeir sem fá úthlutað byggðakvóta skuldbindi sig til að leggja hann upp til vinnslu á Borgarfirði. Þá skuldbindi þeir sig ennfremur til að selja ekki eða leigja frá sér aflaheimildir á fiskveiðiarinu umfram það sem þeir leigja eða kaupa til sín.
4. Telji einhver, sem hefur fengið til sín byggðakvóta, sér nauðsynlegt að láta frá sér meiri aflaheimildir en þeir fá til sín sbr. 3. tl. þá skal viðkomandi gera fyrir lok maímánaðar sveitarstjórn grein fyrir því og afsala sér jafnframt byggðakvótanum, sem þá verður skipt milli annarra báta sem úthlutun hafa fengið.

10. Fjarðabyggð.

1. Úthlutuðum veiðiheimildum verði eingöngu skipt milli þeirra skipa sem skráð hafa verið með heimahöfn í Fjarðabyggð fiskveiðiárið 2002-2003. Einnig eiga skip rétt á úthlutun ef eigendur þeirra hafa átt lögheimili og starfsstöð í Fjarðabyggð á umræddum tíma. Einungis aflamarksskip og krókaaflamarksbátar eiga rétt á úthlutun. Skal úthlutun til einstakra skipa taka mið af úthlutuðum aflaheimildum þess á fiskveiðiarinu 2002/2003.
2. Hvert fiskiskip getur fengið 10 þorskígildislestir að hámarki.
3. Einungis verði úthlutað til þeirra sem leggja fram samkomulag við fiskvinnslustöð í Fjarðabyggð um vinnslu þeirra aflaheimilda sem sveitarstjórn úthlutar. Jafnframt skulu útgerðarmenn hlutaðeigandi skipa lýsa yfir vilja sínum til að láta vinna í Fjarðabyggð af eigin aflaheimildum sama fjölda þorskígilda og sveitarstjórn úthlutar skipum þeirra.
4. Verði útgerð vís að því að fylgja ekki skilyrðum þeim, sem sett eru varðandi vinnslu afla í Fjarðabyggð, fyrirgerir hún rétti sínum til hugsanlegrar úthlutunar á næsta ári, að óbreyttum reglum.

11. Djúpivogur.

Skipta skal aflaheimildum milli fiskiskipa á grundvelli 3. gr. reglugerðar nr. 596/2003, þó þannig að einnig koma til greina bátar undir 6 brúttotönnum, sem ekki eru skráðir frá Djúpavogshreppi enda eigi eigendur þeirra lögheimili þar eða slíkir bátar alfarið gerðir út frá Djúpavogi.

2. gr.

Að þessari auglýsingu birtri skulu sveitarstjórnir auglýsa eftir umsóknum og kynna úthlutunarreglur. Að loknum fresti sem sveitarstjórn veitir til umsókna, gerir sveitarstjórn síðan tillögur til ráðuneytisins um endanlega skiptingu aflaheimildanna milli einstakra fiskiskipa. Fallist ráðuneytið á tillögur sveitarstjórna koma þær til framkvæmda. Að öðrum kosti er aflaheimildum skipt milli einstakra fiskiskipa á grundvelli 3. gr. reglugerðar nr. 596/2003.

3. gr.

Auglýsing þessi er gefin út samkvæmt 3. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 596, 8. ágúst 2003, um úthlutun á 1.500 þorskígildislestum til stuðnings sjávarbyggingu, til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 17. nóvember 2003.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

REGLUGERÐ

um ullarmat.

1. gr.

Öll ull skal metin í einhvern eftirfarandi gæðaflokka.

A. HVÍT ULL

H – Lamsull: Hvít hastrúin ull af lömbum. Í þennan flokk fer eingöngu vel hvít og fremur togfín og gljáandi ull sem er nær alveg laus við gul hár. Ullin skal vera algerlega laus við rusl eða heymor og húsagulku.

H – I. flokkur: Hvít ull, sem er nær alveg laus við gular illhærur, gallalaus og óskemmd. Í þennan flokk fer eingöngu ull sem er algerlega laus við rusl, mor, húsagulku og tvíklippingu. Ullin skal vera fremur togfín, þelmikil og gljáandi. Kviðull, læraull og hnakkauull skal að jafnaði tekin frá og sett í lakari flokk. Snoð skal vera lengra en 6 sm og uppfylla að öðru leyti ofangreindar kröfur.

H – II. flokkur: Hvít ull sem ekki er tæk í H - I. flokk vegna gulra illhæra, lítills háttar húsagulku eða lítills háttar þófa en laus við heymor. Einnig ull með gróft tog eða þel-lítill, en að mestu laus við tvíklippingu, ásamt snoði sem er lengra en 4,5 sm. Mikið gul ull og ull með miklu af dökkum hárum er ekki tæk í H - II. flokk.

B. MISLIT ULL.

M – I. flokkur svart: Óskemmd svört ull með jafnan og hreinan svartan lit. Laus við grá hár, þófa, heymor, rusl og aðrar húsvistarskemmdir og laus við tvíklippingu. Svart snoð lengra en 6 sm. Kviðull og læraull skal að jafnaði tekin frá.

M – I. flokkur grátt: Óskemmd grá ull með steingráan litblæ, laus við gulan eða grámórauðan litblæ. Að öðru leyti eins og M - I. flokkur svart.

M – I. flokkur mórault: Óskemmd mórault ull með jafnan og hreinan móraultan lit (ekki grámórault). Að öðru leyti eins og M - I. flokkur svart.

M – II. flokkur: Öll önnur óskemmd mislit ull, þ.e. ull af flekkóttu, grámóraultu, botnóttu og golsóttu fé, ásamt „hvítri“ ull með miklu af gulum illhærum, dökkum hárum eða

blettum. Einnig svört grá og mórauð ull sem ekki er tæk í M – I. flokk vegna galla á litblæ. Óskemmt mislitt snoð lengra en 4,5 sm.

Ull sem ekki flokkast í einhvern ofangreindra flokka fer í úrkast og telst ekki söluvara. Við mat á ull má skipta reyfum á milli gæðaflokka.

2. gr.

Landbúnaðarráðherra löggildir ullarmatsmenn til þriggja ára að fenginni umsögn ullarmatsnefndar, sbr. 7. gr. Þá eina má löggilda sem ullarmatsmenn er fengið hafa þjálfun til starfans undir umsjón ullarmatsnefndar, hafa góða þekkingu á ull og reynslu á öllu er varðar meðferð vörunnar og mat á henni.

3. gr.

Flokkun ullar og ullarmat skal framkvæmt af ullarmatsmönnum ef seljandi eða kaupandi óska þess. Í öðrum tilvikum er bændum heimilt að flokka eigin ull samkvæmt reglum í 1. gr. ef þeir hafa sótt námskeið í ullarmati sem ullarmatsnefnd skipuleggur og hefur umsjón með, sbr. 8. gr. Við móttöku heimaflokkaðrar ullar skal ullin skoðuð og flokkun staðfest af matsmanni sem samþykktur er af ullarmatsnefnd.

4. gr.

Um leið og ull er metin í gæðaflokka eða við móttöku heimaflokkaðrar ullar skal áætla meðalnýtingu ullar í hverjum gæðaflokki, þ.e. hlutfall hreinnar ullar að loknum þvotti. Við mat á nýtingu skal styðjast við eftirfarandi reglur:

80% nýting: Hrein og óskemmd haustull, laus við sand og rusl, vel þurr.

75% nýting: Lítið óhrein haustull og hrein og þurr vetrarull og snoðull, sem ekki er mjög feit.

70% nýting: Vetrarull og snoðull í meðallagi hrein og í meðallagi feit eða lítið feit með sandskellum.

65% nýting: Mjög feit eða óhrein vetrarull.

60% nýting: Mjög óhrein vetrarull og rök ull, ásamt ull með töluverðum sandi.

5. gr.

Flokkun og mat á ull skal skrá á matsnótur sem ullarmatsmenn gefa út til innleggjenda og bændur skrá um flokkun eigin ullar. Á matsnótum skal tilgreint magn ullar í hverjum gæðaflokki ásamt meðalnýtingu í hverjum flokki. Ull sem fer í úrkast skal fleygt en magn tilgreint á matsnótum. Einnig skal á matsnótum koma fram rökstuðningur fyrir matsniðurstöðum ásamt athugasemdum við frágang ef við á.

6. gr.

Heimilt er að meta ull eftir öðrum reglum en koma fram í 1. og 2. gr. ef kaupandi og seljandi gera með sér samkomulag um slíkt mat, t. d. þegar ull er seld beint til handiðnaðar.

7. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar þriggja manna ullarmatsnefnd. Skal einn tilnefndur af Bændasamtökum Íslands, annar af ullarkaupendum og sá þriðji skipaður án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar.

Ágreiningi vegna ullarmats er heimilt að vísa til ullarmatsnefndar sem kveður upp úrskurð innan 30 daga frá því að erindi barst nefndinni. Nefndinni er heimilt að kalla til

matsmenn til þess að framkvæma yfirmat undir umsjón nefndarinnar. Ullarmatsmönnum er skylt að fara eftir fyrirmælum nefndarinnar um ullarmat.

8. gr.

Ullarmatsnefnd skipuleggur og hefur umsjón með námskeiðum í ullarmati fyrir bændur sem vilja flokka ull sína sjálfir svo oft sem þörf krefur og ef næg þátttaka er fyrir hendi en nefndin ákveður nánari tímasetningu námskeiðanna. Nefndin skal og annast fræðslu og leiðbeiningar um ullarmat og ullargæði til ullarmatsmanna og bænda.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 57/1990 um flokkun og mat á gærum og ull og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 410/1990 um ullarmat.

Landbúnaðarráðuneytinu, 17. nóvember 2003.

Guðni Ágústsson.

Sigríður Norðmann.

STJÓRNARTÍÐINDI B 130 – 2003

20. nóvember 2003

2619

Nr. 857

REGLUGERÐ

um sérstök línu- og netasvæði.

1. gr.

Frá og með 24. nóvember 2003 til og með 31. desember 2003, eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði suður af Reykjanesskaga, sem að austan markast af línu sem dregin er frá Selvogsvita í punkt 63°30'N, 21°39'V. Að sunnan markast svæðið af línu, sem dregin er úr punkti 63°30'N, 21°39'V í punkt 63°40'N, 22°32'V. Að vestan markast svæðið af línu sem dregin er úr punkti 63°40'N, 22°32'V réttvísandi norður að Staðarbergi.

2. gr.

Frá og með 24. nóvember 2003 til og með 30. apríl 2004, eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði út af Faxaflóa, sem að sunnan markast af línu sem dregin er réttvísandi 270° frá Sandgerðisvita. Að vestan markast svæðið af 23°42'V og að norðan af 64°20'N.

3. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 20. nóvember 2003.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um stærð og þyngd ökutækja, nr. 528 4. september 1998.

1. gr.

1. mgr. 3. gr. orðast svo:

Ökutæki má ekki vera lengra en hér segir:

- | | | |
|----|---|---------|
| a. | Bifreið, önnur en hópbifreið | 12,00 m |
| b. | Hópbifreið með fleiri en tvo ása | 15,00 m |
| c. | Hópbifreið með tvo ása | 13,50 m |
| d. | Eftirvagn | 12,00 m |
| e. | Hópbifreið með eftirvagn | 18,75 m |
| f. | Vagnlest, bifreið með festi- eða hengivagni | 20,00 m |
| g. | Vagnlest, bifreið með tengivagni | 22,00 m |
| h. | Liðvagn | 18,00 m |

2. gr.

10. gr., sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 834/2001, breytist þannig:

- Í stað orðsins „Skráningarstofan hf.“ í 1. mgr. kemur: Umferðarstofa.
- Í stað dagsetningarinnar „15. nóvember 2003“ kemur: 15. maí 2004.

3. gr.

Fjórða þankastrik í a. lið 15. gr. orðast svo:

– loftþrýstingur í hjólbarða sé takmarkaður að hámarki við 7 bör eða 102 psi í hjólbörðum framása og 6 bör eða 87 psi í hjólbörðum afturása, mælt í köldum hjólbarða eftir ástandi vegar, gerð ökutækis og kröfum veghaldara.

4. gr.

20. gr. breytist þannig:

- Á eftir orðunum „tilskipun 96/53/EB“ í 1. mgr. 20. gr. kemur: með síðari viðbót 2002/7/EB.
- Á eftir orðunum „bls. 55-73“ í 2. mgr. kemur: og 67. hefti 2002, bls 47.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 75. og 76. gr. umferðarlaga nr. 50 30. mars 1987, með síðari breytingum, til innleiðingar á tilskipun 2002/7/EB, sem vísað er til í lið 15a, viðauka XIII, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 130/2002, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 20. nóvember 2003.

Björn Bjarnason.

Björn Friðfinnsson.

AUGLÝSING

um breytingu á áfrýjunarfjárhæð.

Áfrýjunarfjárhæð samkvæmt 1. mgr. 152. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91 31. desember 1991, sbr. 6. gr. laga nr. 38 19. apríl 1994, er kr. 420.000.

Áfrýjunarfjárhæð þessi tekur gildi 1. janúar 2004 og gildir fyrir árið 2004.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 11. nóvember 2003.

F. h. r.

Stefán Eiríksson.

Hólmsteinn Gauti Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 736/2003 um sýnatökur og meðhöndlun sýna fyrir greiningar á aðskotaefnum í matvælum.

1. gr.

Við 1. mgr. 3. gr. bætist eftirfarandi málsliður:
Sýnataka vegna mælinga á díoxínum og PCB-efnum í matvælum skal framkvæmd í samræmi við H-hluta í viðauka.

2. gr.

Fyrsta málsgrein A-hluta viðauka hljóðar svo:
Sýni til opinbers eftirlits með hámarki varnarefnaleifa, aflatoxíns, okratoksíns A, blýs, kadmíns, kvikasilfurs, 3-MCPD, díoxíns og PCB-efna í matvælum, skulu tekin samkvæmt aðferðum sem lýst er í viðauka þessum.

Vöru/safn- og rannsóknarsýni tekin á þann hátt skulu talin dæmigerð fyrir framleiðslueininguna. Opinber eftirlitsaðili skal taka sýnin.

3. gr.

Við viðauka bætist eftirfarandi H-hluti:

H-hluti

Sýnatökur fyrir mælingar á díoxínum og PCB-efnum í matvælum.

1. Almenn ákvæði.

Undirbúningur safnsýna.

Safnsýni eru mynduð með því að sameina og blanda saman jafnþungum hlutasýnum. Þyngd hlutasýna fer eftir stærð eininga í framleiðslulotu en skal þó vera a.m.k. 100 g. Frávik skulu skráð. Safnsýni skal vera a.m.k. 1 kg nema það sé óframkvæmanlegt, t.d. þegar ein eining er tekin.

Skipting safnsýna í rannsóknarsýni.

Rannsóknarsýni skal tekið úr einsleitu safnsýni og skal það vera nægilega stórt til að hægt sé að framkvæma tvöfalda mælingu.

Pökkun og flutningur á rannsóknarsýnum.

Hvert rannsóknarsýni skal sett í hreinar, efnafræðilega óvirkar umbúðir sem verja það nægilega gegn efnamengun, efnatapi (t.d. ásogi), efnabreytingum og skemmdum í flutningi. Umbúðirnar skulu merktar og innsiglaðar á þann hátt að ekki sé hægt að opna þær eða fjarlægja merkingar án þess að brjóta innsiglið.

Halda skal skrá yfir hverja sýnatöku á þann hátt að hver framleiðslueining er auðkennd á ótvíræðan hátt með dagsetningu og sýnatökustað ásamt öðrum viðbótarupplýsingum sem gætu komið greinandanum að notum.

Fjöldi hlutasýna.

Þegar um er að ræða mjólk og olíu, þar sem gera má ráð fyrir einsleitri dreifingu aðskotaefna, dugir að taka 3 hlutasýni úr hverri framleiðslueiningu og mynda úr þeim safnsýni. Vísað skal til númers framleiðslueingar. Þegar um önnur matvæli er að ræða skal sýnafjöldi vera samkvæmt töflu H1. Sýni af hænueggjum skal samanstanda af a.m.k. 12 eggjum.

Tafla H1

Lágmarksfjöldi hlutasýna sem taka skal úr framleiðslueiningu.

Þyngd framleiðslueingar (kg)	Lágmarksfjöldi hlutasýna
<50	3
50-500	5
>500	10

Tafla H2

Fjöldi hlutasýna sem mynda safnsýni ef framleiðslueiningin samanstendur af einstökum einingum.

Fjöldi umbúðaeininga eða eininga í framleiðslueiningu	Lágmarksfjöldi umbúðaeininga eða eininga sem taka skal
1-25	1
26-100	Um 5%, a.m.k. 2 einingar
>100	Um 5%, mest 10 einingar

Samþykki fyrir framleiðslueiningu eða framleiðsluhluta.

Samþykki ef:

- Niðurstaða einnar mælingar er a.m.k. 20% undir hámarksgildum;
- meðaltal tveggja mælinga er undir hámarksgildum.

4. gr.

Við viðauka bætist eftirfarandi I-hluti:

I-hluti

1. Undirbúningur sýna og kröfur varðandi greiningaraðferðir, sem eru notaðar við opinbert eftirlit með magni díoxína (PCDD/PCDF), og ákvörðun á díoxínlikum PCB-efnum í tilteknum matvælum.

1.1. Markmið og notkunarsvið.

Þessar kröfur skulu gilda þegar matvæli eru efnagreind við opinbert eftirlit með magni díoxína (fjölklóraðra díbensó-p-díoxína (PCDD) og fjölklóraðra díbensófúrana (PCDF)) og við ákvörðun á díoxínlikum PCB-efnum.

Við vöktun á díoxínum í matvælum má nota skimunaraðferðir til að velja þau sýni þar sem magn díoxíns og díoxínlikra PCB-efna eru annaðhvort innan við 30-40% af því styrkbili sem mælingar miðast við eða eru hærri en styrkbilið.

Þegar magn díoxína mælist hátt skulu niðurstöður staðfestar með staðfestingaraðferð.

Skimunaraðferðir eru notaðar til að greina díoxín og díoxínlik PCB-efni nálægt því styrkbili sem mælingar miðast við í miklum fjölda sýna til að kanna hvort jákvæð sýni finn-

ast. Þær eru sérstaklega hannaðar þannig að þær eiga ekki að gefa rangar, neikvæðar niðurstöður.

Staðfestingaraðferðir eru aðferðir sem gefa tæmandi viðbótarupplýsingar sem gera kleift að finna og magngreina díoxín og díoxínlík PCB-efni nálægt því styrkbili sem mælingar miðast við.

1.2. Bakgrunnur.

Þar sem umhverfisýni og líffræðileg sýni (þ.m.t. matvælasýni) innihalda almennt flóknar blöndur af mismunandi díoxínum og díoxínefnamyndum hefur hugtakið eiturjafngildisstuðull (TEF) verið þróað til að auðvelda áhættumat. Eiturjafngildisstuðlar voru ákvarðaðir til að unnt væri að gefa upp styrk fyrir blöndu PCDD- og PCDF-efna sem eru með sethópa í 2,3,7,8-stöðu, og nýlega einnig fyrir tiltekin PCB-efni, sem eru með klór sem sethóp í annarri stöðu en ortó-stöðu og einortó-setinn klór, og búa yfir díoxínlíkri virkni sem mæla má sem eiturjafngildi (TEQ) fyrir 2,3,7,8-TCDD (sjá töflu 11).

Tafla 11
Eiturjafngildisstuðull.

Efnamyndir	TEF-gildi	Efnamyndir	TEF-gildi
Díbensó-p-díoxín (PCDD)		„Díoxínlík PCB-efni“ PCB-efni, önnur en ortó-PCB-efni + ein-ortó-PCB-efni	
2,3,7,8-TCDD	1	PCB-efni, önnur en ortó-PCB-efni	
1,2,3,7,8-PeCDD	1	PCB 77	0,0001
1,2,3,4,7,8-HxCDD	0,1	PCB 81	0,0001
1,2,3,6,7,8-HxCDD	0,1	PCB 126	0,1
1,2,3,7,8,9-HxCDD	0,1	PCB 169	0,01
1,2,3,4,6,7,8-HpCDD	0,01		
OCDD	0,0001		
Díbensófúrön (PCDF)		Ein-ortó-PCB-efni	
2,3,7,8-TCDF	0,1	PCB 105	0,0001
1,2,3,7,8-PeCDF	0,05	PCB 114	0,0005
2,3,4,7,8-PeCDF	0,5	PCB 118	0,0001
1,2,3,4,7,8-HxCDF	0,1	PCB 123	0,0001
1,2,3,6,7,8-HxCDF	0,1	PCB 156	0,0005
1,2,3,7,8,9-HxCDF	0,1	PCB 157	0,0005
2,3,4,6,7,8-HxCDF	0,1	PCB 167	0,00001
1,2,3,4,6,7,8-HpCDF	0,01	PCB 189	0,0001
1,2,3,4,7,8,9-HpCDF	0,01		
OCDF	0,0001		

Skammstafanir: T = tetra, Pe = penta, Hx = hexa, Hp = hepta, O = okta, CDD = klórdíbensódíoxín, CDF = klórdíbensófúrön, CB = klórbífenýl.

Styrkur einstakra efna í tilteknu sýni er margfaldaður með viðeigandi eiturjafngildisstuðli (TEF) hvers þeirra og síðan lagður saman til að fá út heildarstyrk díoxínlíkra efna, gefinn upp sem TEQ.

Hugtakið „efri styrkleikamörk“ merkir að allar efnamyndir, sem hafa ekki verið magngreindar, teljast vega á móta þungt í eiturjafngildi og nemur magngreiningarmörkum þeirra.

Hugtakið „neðri styrkleikamörk“ merkir að hlutdeild allra efnamynda, sem hafa ekki verið magngreindar, í eiturjafngildi telst vera núll.

Hugtakið „miðlungsstyrkleikamörk“ merkir að hlutdeild allra efnamynda, sem hafa ekki verið magngreindar, í eiturjafngildi telst vera helmingur magngreiningarmarka.

1.3. Gæðakröfur við undirbúning sýnis.

- Við sýnatöku og greiningar skal þess gætt að víxlmengun geti ekki átt sér stað.
- Sýni skal geymt og flutt í íláti úr gleri, áli, pólýprópýlen eða pólýetýlen. Fjarlægja skal pappírsörður úr ílátunum. Glerílát skal skola með leysiefni sem samkvæmt mælingum innihalda ekki díoxín.
- Geymsla og flutningur sýnisins skal vera þannig að matvælasýnið haldist óbreytt.
- Þar sem við á skal hvert rannsóknarsýni finmalað og blandað vandlega saman með aðferð sem sannað þykir að tryggji fullkomna einsleitni (þ.e. malað til að komast í gegnum 1 mm möskva). Þurrka verður sýnin áður en þau eru möluð ef rakainnihaldið er of mikið.
- Nota skal núllsýni sem fær alla sömu meðferð og sýnin að sýnatöku undanskilinni.
- Nota skal nægilegt magn sýnis til útdráttar til að uppfylla skilyrði um næmni.
- Til eru margar sértækar verklagsreglur sem nota má við undirbúning sýna en þær þurfa að hafa hlotið fullgildingu skv. alþjóðlegum viðurkenndum viðmiðunarreglum.

1.4. Kröfur á rannsóknastofum.

- Rannsóknastofur skulu sýna fram á niðurstöður úr aðferð á því styrkbili sem mælingar miðast við, þ.e. $0,5 \times$, $1 \times$ og $2 \times$ styrkbil með ásættanlegum fráviksstuðli við endurtekna mælingar (sjá lið 1.5).
- Magngreiningarmörk fyrir staðfestingaraðferð skulu vera nálægt einum fimmta af þeim mörkum sem tiltekin eru til að staðfesta að staðið sé við ásættanleg fráviksmörk.
- Til að halda uppi innra gæðaeftirliti skal reglulega greina:
 - Núllsýni;
 - sýni með þekktu magni af þeim efnum sem mæla á;
 - staðal (helst viðurkenndan).
- Rannsóknastofur skulu taka þátt í samanburðarrannsóknum á díoxínnum og díoxínlíkum PCB-efnum í öllum viðeigandi matvælum og fóðri.
- Rannsóknastofur skulu vera faggiltar í samræmi við ISO/IEC/17025:1999 staðal, af viðurkenndum faggildingaraðila sem starfar skv. ISO leiðbeiningum 58.

1.5. Kröfur sem uppfylla skal við efnagreiningar á díoxínnum og díoxínlíkum PCB-efnum.

Grunnkröfur fyrir mæliaðferðir.

- *Mikil næmni og lág greiningarmörk.* Greina þarf TEQ fyrir PCDD og PCDF í píkógrömmum (10^{-12}) vegna mikilla eiturhrifa sumra þessara efna. PCB-efni mælast yfirleitt í hærri styrk en PCDD og PCDF. Fyrir flestar PCB-efnamyndir dugir næmni af stærðargráðunni nanógrömm (10^{-9}). Eigi að síður þarf næmni fyrir sum PCB-efni með mikil eiturhrif (einkum þau sem eru með sethóp í annarri stöðu en ortó-stöðu) að vera sú sama og fyrir PCDD og PCDF.
- *Mikil valvísí (sértækni).* Nauðsynlegt er að geta greint PCDD, PCDF og díoxínlík PCB-efni frá fjölmörgum öðrum truflandi efnum sem fylgja með í útdrætti og geta verið í margfalt hærri styrk. Við notkun á gasskilju-massagreiningaraðferð (GC/MS) er nauðsynlegt að greina á milli mismunandi efnamynda, svo sem á milli eitraðra (t.d. milli hinna sautján PCDD- og PCDF-efna með sethópa í 2, 3, 7 og 8 stöðu og díoxínlíkra PCB-efna) og annarra efnamynda. Unnt skal vera að ákvarða eiturjafngildi valvíst með lífgreiningu sem summu PCDD, PCDF og díoxínlíkra PCB-efna.

- *Mikil nákvæmni (réttleiki og samkvæmni).* Greining á að gefa fullnægjandi mat á raunverulegum styrk efnanna í sýni. Mikil mælinákvæmni (mælinákvæmni: hversu vel niðurstöðum ber saman við mælingar og raunveruleg eða tilgreind mæligildi) er nauðsynleg til að koma í veg fyrir að niðurstöðu úr mælingu á sýni sé hafnað vegna óáreiðanlegs mats á TEQ. Nákvæmni er gefin upp sem réttleiki (munurinn á mældu meðalgildi fyrir greiniefni í vottuðu efni og staðfestu gildi fyrir það, gefin upp sem hundraðshluti þess gildis) og samkvæmni (samkvæmni er venjulega reiknuð sem staðalfrávik að meðtalinni endurtekningarnákvæmni og samanburðarnákvæmni, og gefur til kynna samræmi milli niðurstaðna sem fást með því að nota aðferðina endurtekið við stöðluð skilyrði).

Skimunaraðferðir geta samanstáð af lífgreiningum og gasmassagreiningaraðferðum. Staðfestingaraðferðir eru gasgreining og massagreining, hvorar tveggja með mikilli upplausn (HRGC/HRMS). Við ákvörðun á heildar TEQ gildi þarf að uppfylla skilyrði sem gefin eru upp í töflu I2.

Tafla I2

	Skimunaraðferðir	Staðfestingaraðferðir
Rangar, neikvæðar niðurstöður	< 1%	
Réttleiki		-20% til +20%
Frávíksstuðull	< 30%	< 15%

1.6. Sérstakar kröfur sem þarf að uppfylla til að nota gasskilju/massagreiningaraðferð til skimunar eða staðfestingar.

- Bæta verður við ¹³C-merktum, innri PCDD/F-stöðlum með klórsethópi í 2,3,7,8-stöðu (og ¹³C-merktum díoxínlíkum innri staðli ef ákvarða á díoxínlík PCB-efni) í sýnið fyrir útdrátt til að fullgilda greininguna. Bæta þarf að minnsta kosti einni díoxínefnamynd fyrir hvern fjór- til áttklóraðan samrænan hóp fyrir PCDD/F (og a.m.k. einni efnamynd fyrir hvern samrænan hóp fyrir díoxínlík PCB-efni ef mæla á þau (eða a.m.k. einni efnamynd fyrir hverja jón sem gefur útslag í massagreini til að fylgjast með PCDD/F og díoxínlíkum PCB-efnum)). Æskilegast er, einkum þegar um er að ræða staðfestingaraðferð, að nota alla 17 ¹³C-merktu innri staðlana með sethóp í 2,3,7,8-stöðu og alla 12 ¹³C-merktu innri díoxínlíku PCB-staðlana (ef ákvarða skal díoxínlík PCB-efni).
- Einnig skal ákvarða svörunarstuðla fyrir þær efnamyndir þar sem engu ¹³C-merktu hliðstæðu efni er bætt við með því að nota viðeigandi kvörðunarlausnir.
- Þegar um er að ræða matvæli úr jurta- og dýraríkinu sem innihalda minna en 10% fitu skal bæta innri staðli í sýnið fyrir útdrátt. Þegar um er að ræða matvæli af dýrauppruna með meira en 10% fitu má bæta innra staðli í sýnið annaðhvort fyrir eða eftir fituútdrátt. Skilvirkni útdráttarinn skal staðfest á viðeigandi hátt eftir því á hvaða stigi innri stöðlum er bætt við og eftir því hvort niðurstöðurnar eru gefnar upp á grundvelli afurðar eða fitu.
- Einum eða tveimur heimtustöðlum (staðgöngustöðlum) skal bætt í fyrir GC/MS greiningu.
- Nauðsynlegt er að kanna heimtur. Fyrir staðfestingaraðferðir eiga heimtur á hverjum innri staðli að vera á bilinu 60 - 120%. Meiri eða minni heimtur fyrir einstaka efnamynd, einkum þegar um er að ræða tiltekin sjö- eða áttklórúð díbensódíoxín eða díbensófurön, eru ásættanlegar að því tilskyldu að framlag þeirra til eiturjafngildis fari

ekki yfir 10% af heildareiturjafngildinu (byggðu á PCDD/F eingöngu). Fyrir skimunaraðferðir skulu heimtur vera á bilinu 30 – 140%.

- Aðgreining díoxíns frá klóruðum efnum sem hafa truflandi áhrif, svo sem PCB-efnum og klóruðum dífenýl eterum, skal framkvæmd með viðeigandi skiljuaðferðum (helst á flórísíl, súrals- og/ eða kolefnisúlu).
- Aðgreining myndbrigða með gasgreiningu getur nægt (< 25% af fjarlægð milli toppa 1,2,3,4,7,8-HxCDF og 1,2,3,6,7,8-HxCDF).
- Ákvörðun skal fara fram samkvæmt aðferð Umhverfisstofnunar Bandaríkjanna (EPA) nr. 1613, endurskoðun B: *Tetra- through octa-chlorinated dioxins and furans by isotope dilution HRGC/HRMS* eða annarri aðferð sem uppfyllir samsvarandi viðmiðanir um áreiðanleika.
- Mismunur milli efri og neðri styrkleikamarka skal ekki vera meiri en 20% ef um er að ræða matvæli þar sem díoxínmengun er u.þ.b. 1 pg WHO-TEQ/g fitu (byggt á PCDD/F eingöngu). Ef um er að ræða matvæli sem innihalda litla fitu gilda sömu kröfur ef mengun er um 1 pg WHO-TEQ/g fitu. Ef mengun er minni, t.d. 0,50 pg WHO-TEQ/g vöru, má mismunur milli efri og neðri styrkleikamarka vera á bilinu 25 til 40%.

1.7. Skimunaraðferðir.

1.7.1. Inngangur.

Hægt er að nota mismunandi skimunaraðferðir: Hreina skimunaraðferð og magngreiningu.

Skimun.

Svörun sýna er borin saman við svörun viðmiðunarsýna á því styrkbili sem mælingar miðast við. Sýni með svörun minni en viðmiðunarsvörun eru talin neikvæð og sýni með meiri svörun eru talin jákvæð.

Kröfur:

- Í hverri prófunarröð skal vera bæði núll- og viðmiðunarsýni og þau skulu dregin út og prófuð samtímis við eins skilyrði. Svörun fyrir viðmiðunarsýnið skal greinilega vera meira en fyrir núllsýnið.
- Bæta skal við viðmiðunarsýnum sem eru $0,5 \times$ og $2 \times$ styrkbilið sem mælingarnar miðast við til að sýna fram á að prófunin standist kröfur á því styrkbili sem mælingar miðast við vegna eftirlits á viðkomandi styrkbili.
- Þegar verið er að prófa aðrar sýnagerðir þarf að sýna fram á viðmiðunarsýni við hæfi, einkum með því að mæla jafnframt sýni sem sýnt hefur verið fram á með HRGC/HRMS að hafi TEQ gildi svipað því sem viðmiðunarsýnið hefur eða núllsýni sem efninu sem á að mæla hefur verið bætt í.
- Þar sem ekki er hægt að nota innri staðla við lífgreiningar er mikilvægt að framkvæma prófun á endurtekingarnákvæmni til að fá upplýsingar um staðalfrávik innan sýnaraðar. Frávíksstuðull skal vera undir 30%.
- Fyrir lífgreiningar skal skilgreina markefnasambönd, hugsanleg truflandi efni og hámarksviðmiðunargildi fyrir núllsýni.

Magngreiningaaðgerð.

Við magngreiningu þarf röð staðalþynninga, tvö- eða þrefalda hreinsun og mælingu, svo og núllsýnis- og heimtarprófanir. Niðurstöður má gefa upp sem TEQ og gera þannig ráð fyrir að efnin sem gefa útslag svari til meginreglunnar um eiturjafngildi (TEQ principle). Þetta má framkvæma með því að nota TCDD (eða díoxín/fúran staðlablöndu) í kvörðunarferil sem notaður er til að reikna TEQ gildi í údrættinum og síðan í sýninu. Þetta er síðan leiðrétt

fyrir reiknað TEQ gildi í núllsýni (til að taka tillit til óhreininda frá leysum og efnum sem notuð eru), og heimtur (reiknaðar frá TEQ gildi í þekktu viðmiðunarsýni í kringum það styrkbil sem mælingar miðast við). Það er grundvallaratriði að gera ráð fyrir að hluti af því sem virðist tap á heimtum geti stafað af mismunandi sýnagerðum og/eða mismun milli TEF gildis í lífgreiningu og opinberu TEF gildi frá WHO.

1.7.2. Kröfur til greiningaraðferða með skimun.

- Við skimun má nota GC/MS greiningaraðferðir og lífgreiningar. Þegar notaðar eru GC/MS aðferðir skal uppfylla kröfur um skimunaraðferðir. Þegar notaðar eru lífgreiningar byggðar á frumum skal uppfylla kröfur um lífgreiningar.
- Upplýsingar um fjölda rangra jákvæðra og rangra neikvæðra niðurstaðna úr stóru mengi sýna, sem eru undir og yfir hámarksgildi eða aðgerðarmörkum, eru nauðsynlegar til samanburðar við eiturjafngildið sem ákvarðað er með staðfestingargreiningu. Hlutfall raunverulegra rangra neikvæðra niðurstaðna skal vera minna en 1%. Hlutfall rangra jákvæðra sýna skal vera nægilega lítið til að skimun sé hagkvæm.
- Jákvæðar niðurstöður skulu ávallt staðfestar með staðfestingargreiningu (HRGC/HRMS). Að auki skulu sýni sem spanna vítt bil eiturjafngildis staðfest með HRGC/HRMS (u.þ.b. 2–10% af neikvæðu sýnunum). Upplýsingar varðandi samsvörum milli niðurstaðna úr lífgreiningu og HRGC/HRMS skulu gerðar aðgengilegar.

1.7.3. Sérstakar kröfur fyrir lífgreiningu á frumum.

- Við sérhverja rannsókn með lífgreiningu þarf röð af TCDD með mismunandi viðmiðunarstyrk eða díoxín/fúran blöndu (svörunarferill fyrir fullan skammt þar sem $R_2 > 0,95$). Hvað skimun varðar væri hins vegar hægt að nota útvíkkaðan feril fyrir lítinn styrk til að greina sýni með vægum styrk.
- Viðmiðunarstyrkur fyrir TCDD (sem samsvarar u.þ.b. þreföldum magngreiningarmörkum) á gæðastýringarblaði skal notaður fyrir niðurstöðuna úr lífgreiningu á föstu tímabili. Annar kostur gæti verið hlutfallsleg svörun viðmiðunarsýnis í samanburði við kvörðunarlínuna fyrir TCDD þar sem svörun frumnanna getur verið háð mörgum þáttum.
- Gera skal gæðastýringarskipurit fyrir hverja gerð viðmiðunarefnis og yfirfara það til að tryggja að niðurstaðan sé í samræmi við leiðbeiningarnar sem tilgreindar eru.
- Við magnbundna útreikninga er einkum mikilvægt að aðleiðsla á þynningu sýnisins sé innan línulega hluta svörunarferilsins. Þynna verður sýni sem fara yfir línulega hluta svörunarferilsins og prófa þau aftur. Því er ráðlagt að prófa a.m.k. þrjár eða fleiri þynningar í einu.
- Hlutfallslegt staðalfrávik skal ekki vera meira en 15% í þrefaldri greiningu á hverri þynningu og ekki meira en 30% milli þriggja óháðra greininga.
- Heimilt er að setja greiningarmörk $3 \times$ staðalfrávikinu fyrir núllsýnisleysinn eða bakgrunnssvörunina. Önnur nálgun er að nota svörun sem er ofar en bakgrunnurinn (aðleiðslustuðull sem er fimmfaldur núllsýnisleysir) reiknað út frá kvörðunarferli dagsins. Heimilt er að setja magngreiningarmörk $5 \times$ til $6 \times$ staðalfrávik núllsýnisleysi eða bakgrunnssvörunar eða nota svörun sem er yfir bakgrunni (aðleiðslustuðull $10 \times$ núllsýnisleysir) reiknað frá staðalkúrfu dagsins.

1.7.4. Sérstakar kröfur varðandi lífgreiningu með greiningarsetti.

- Fylgja skal leiðbeiningum framleiðanda við undirbúning sýna og greiningu.
- Ekki skal nota prófunarsett eftir að það er úrunnið.
- Ekki skal nota efni sem ætluð eru til notkunar með öðrum settum.
- Prófunarsett skal geyma og nota við það hitastig sem gefið er upp.
- Greiningarmörk ónæmismælinga eru ákvörðuð sem $3 \times$ staðalfrávik, byggð á 10 end-

urtekningarmælingum á núllsýni, sem deilt er í með hallagildi línulegu aðhvarfsjöfnunnar.

- Viðmiðunarstaðal skal nota fyrir mælingar á rannsóknastofu til að tryggja að svörunarhæfni staðals sé innan ásætlanlegra marka.

1.8. Skýrsla um niðurstöður.

Áð því marki, sem greiningaraðferðin leyfir skal styrkur einstakra PCDD/F-efna og PCB-efnamynda koma fram í greiningarniðurstöðum sem neðri styrkleikamörk, efri styrkleikamörk og miðlungsstyrkleikamörk í því skyni að sem mest af upplýsingum sé að finna í skýrslunni um niðurstöður þannig að unnt sé að túlka niðurstöðurnar samkvæmt sérstökum kröfum.

Í skýrslunni skal einnig koma fram fituefnainnihald sýnisins sem og aðferðin sem er notuð við útdrátt fituefnanna.

Gera skal grein fyrir tölum um heimtur einstakra innri staðla ef heimturnar eru utan þess bils sem um getur í lið 1.6., ef þær eru hærri en hámarksgildið, svo og ef eftir því er leitað.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. gr. laga um matvæli, nr. 93/1995 sbr. og lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum og til innleiðingar á tilskipun 2002/69/EB sem vísað er til í 4. tölul. XII. kafla II. viðauka samningsins um Evrópskt efnahagssvæði.

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisráðuneytinu, 20. nóvember 2003.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

REGLUGERÐ

**um merkingar og upplýsingaskyldu varðandi
orkunotkun rafmagnsofna til heimilisnota.**

I. KAFLI

Gildissvið.

1. gr.

Reglugerð þessi nær til rafmagnsofna til heimilisnota sem notaðir eru til eldunar þ.m.t. ofna sem eru hluti af stærri tækjum.

Reglugerðin nær ekki til:

- a) ofna sem einnig nota aðra orkugjafa en rafmagn
- b) ofna sem falla utan við gildissvið tilskipunar framkvæmdastjórnar EB nr. 98/24 um tilhögun upplýsinga og tæknilegra staðla og reglugerða
- c) færanlegra ofna sem hafa minni massa en 18 kg að því gefnu að ofnarnir séu ekki ætlaðir til viðskeytingar við uppsetningu.

II. KAFLI Skilgreiningar.

2. gr.

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

Birgðasali: Framleiðandi rafmagnsöfna, viðurkenndur fulltrúi framleiðanda á Evrópska efnahagssvæðinu, innflytjandi rafmagnsöfna eða sá sem markaðssetur rafmagnsöfna á efnahagssvæðinu.

Seljandi: Smásöluaðili eða annar sem selur, leigir eða sýnir notendum rafmagnsöfna.

III. KAFLI Merkingar og upplýsingar.

3. gr.

Rafmagnsöfnar skulu merktir með merkimiða sem sýnir orkunotkun þeirra.

Merkimiðinn skal vera með þeim hætti sem tilgreint er í I. viðauka við tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/40/EB. Skal miðanum komið fyrir eða hann prentaður eða festur utan á umbúðir sjálfs rafmagnsöfnsins þannig að hann sjáist greinilega og ekkert skyggi á hann.

Á þeim rafmagnsöfnum, sem dreift er á Íslandi, skulu merkimiðarnir vera á íslensku.

Aðra merkimiða, merki, tákn eða áletranir en skv. 2. mgr. má ekki setja á rafmagnsöfna eða umbúðir rafmagnsöfna ef slíkt kann að vera villandi.

4. gr.

Birgðasali skal sjá til þess að rafmagnsöfnunum fylgi upplýsingablað sem veiti staðlaðar upplýsingar um viðkomandi rafmagnsöfn. Blaðið skal setja inn í kynningarrit frá birgðasala. Séu slík rit ekki fyrir hendi hjá birgðasala skal upplýsingablaðið vera sérstakt skjal. Blaðið skal vera í samræmi við II. viðauka við tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/40/EB.

Upplýsingablöð um rafmagnsöfna, sem dreift er á Íslandi, skulu vera á íslensku.

5. gr.

Upplýsingar á merkimiðum skv. 3. gr. og upplýsingablöðum skv. 4. gr. skulu byggðar á tæknilegum gögnum um viðkomandi rafmagnsöfn.

Tæknilegu gögnin skulu hafa að geyma:

1. nafn, vörumerki og heimilisfang birgðasala;
2. almenna lýsingu á rafmagnsöfninum sem er nægilega ítarleg fyrir einhlíta skilgreiningu hans;
3. upplýsingar, þar með taldar teikningar ef við á, um helstu hönnunareinkenni rafmagnsöfnsins, einkum atriði sem hafa umtalsverð áhrif á orkunotkun hans;
4. skýrslur um viðeigandi mælingar og prófanir sem gerðar hafa verið samkvæmt samhæfðum stöðlum skv. 2. gr. tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2002/40/EB;
5. leiðbeiningar um notkun ef þær eru fyrir hendi.

6. gr.

Upplýsingar um hávaða, sem berst frá rafmagnsöfni, ber að meta í samræmi við reglugerð nr. 524/1994 um hávaða sem berst í lofti frá heimilistækjum.

IV. KAFLI

Skyldur birgðasala og seljanda.

7. gr.

Birgðasali skal sjá til þess að merkimiðar, upplýsingablöð og tæknileg gögn skv. 3. - 6. gr. séu fyrir hendi.

Birgðasali skal hafa til reiðu öll tæknileg gögn sem nægja til að leggja mat á nákvæmni upplýsinga vegna hugsanlegrar skoðunar á rafmagnsofni næstu fimm árin eftir að það var síðast framleitt.

8. gr.

Birgðasali skal láta seljanda í té merkimiða á íslensku án endurgjalds.

9. gr.

Seljandi, sem stillir út rafmagnsofni, skal festa merkimiða skv. 3. gr. við hann.

Seljandi skal gefa kaupanda kost á að kynna sér upplýsingablað um rafmagnsofn skv. 4. gr.

10. gr.

Séu rafmagnsofnar boðnir til sölu eða leigu og þeim komið á framfæri með prentaðri orðsendingu, svo sem póstpöntunarlista, verðlista eða öðrum hætti þar sem hugsanlegur kaupandi getur ekki séð rafmagnsofninn útstilltan og neytendur eru hvattir til að panta rafmagnsofninn til afhendingar beint, skal orðsending hafa að geyma allar þær upplýsingar sem tilgreindar eru í III. viðauka (póstverslun og önnur fjarsala) við tilskipun 2002/40/EB, sbr. 16. gr. reglugerðar þessarar.

V. KAFLI

Eftirlit.

11. gr.

Iðnaðarráðherra fer með framkvæmd reglugerðar þessarar. Ráðherra getur falið öðrum aðilum að annast eftirlit með því að ákvæðum reglugerðarinnar sé fylgt. Kallast þeir aðilar eftirlitsaðilar.

12. gr.

Eftirlitsaðilar geta farið fram á að birgðasalar afhendi þeim merkimiða skv. 3. gr., upplýsingablöð skv. 4. gr. og orðsendingar skv. 10. gr. varðandi rafmagnsofna.

Seljandi skal gefa eftirlitsaðilum upplýsingar um það frá hvaða birgðasala rafmagnsofn sé ef þess er óskað.

13. gr.

Telji eftirlitsaðilar að upplýsingar þær sem veittar hafa verið séu rangar er þeim heimilt að krefja birgðasala og seljanda um öll gögn, m.a. tæknileg gögn, sem nauðsynleg eru við eftirlit.

Ef upplýsingar þær sem veittar hafa verið eru ekki taldar byggjast á fyrirliggjandi gögnum getur eftirlitsaðilinn krafist þess að birgðasalinn endurskoði merkimiðann, upplýsingablaðið og önnur gögn innan ákveðins frests.

14. gr.

Verði birgðasali ekki við kröfu eftirlitsaðila skv. 2. mgr. 13. gr. er eftirlitsaðilum heimilt að krefjast þess að birgðasali leggi án endurgjalds fram rafmagnsofninn til skoðunar. Skal birgðasalinn greiða kostnað við skoðunina nema upplýsingar hans hafi reynst réttar.

Birgðasali skal bera kostnað af eftirliti.

15. gr.

Hafi iðnaðarráðuneytið falið öðrum aðila eftirlit með ákvæðum reglugerðar þessarar getur birgðasali kært ákvörðun þess eftirlitsaðila til ráðuneytisins. Kæran skal borin fram innan þriggja mánaða frá því að ákvörðunin var tilkynnt. Að öðru leyti gildir 27. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 um kærufresti.

VI. KAFLI

Gildistaka.

16. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 8. gr., sbr. 2. gr. laga nr. 72/1994 um merkingar og upplýsingaskyldu varðandi orkunotkun heimilistækja o.fl.

Reglugerðin er sett á grundvelli eftirfarandi ákvæða EES-samningsins, sbr. IV. kafla II. viðauka við samninginn:

1. tilskipun ráðsins 92/75/EBE frá 22. september 1992 um merkingar og staðlaðar vörulýsingar á heimilistækjum sem greina frá notkun þeirra á orku og öðrum aðföngum (tilskipunin er birt í 3. bók sérstakrar útgáfu EES-viðbætis við Stjórnartíðindi EB á árinu 1994);
2. tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/40/EB frá 8. maí 2002 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 92/75/EBE að því er varðar orkumerkingar rafmagnsöfna til heimilisnota (tilskipunin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB);
3. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 141/2003 um breytingar á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn (ákvörðunin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB).

Um framkvæmd reglugerðarinnar vísast að öðru leyti í viðkomandi gerðir sem framkvæma skal hér á landi í samræmi við ákvæði EES-samningsins, m.a. bókun 1 við samninginn um altæka aðlögun.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Iðnaðarráðuneytinu, 18. nóvember 2003.

F. h. r.

Helgi Bjarnason.

Pétur Örn Sverrisson.

REGLUGERÐ**um breytingu á reglugerð um ökuskírteini nr. 501 11. ágúst 1997.**

1. gr.

2. mgr. 17. gr. orðast svo:

Ökuskírteini fyrir flokk C má einungis veita þeim sem hefur öðlast fullnaðarskírteini fyrir flokk B.

2. gr.

3. mgr. 17. gr. orðast svo:

Ökuskírteini fyrir flokk BE og flokk CE má einungis veita þeim sem hefur öðlast fullnaðarskírteini fyrir flokk B, eftir atvikum C.

3. gr.

2. mgr. 18. gr. orðast svo:

Ökuskírteini fyrir flokk D má einungis veita þeim sem hefur öðlast fullnaðarskírteini fyrir flokk B.

4. gr.

2. mgr. 19. gr. orðast svo:

Ökuskírteini til farþegaflutninga í atvinnuskyni má einungis veita þeim sem hefur öðlast fullnaðarskírteini fyrir flokk B og staðist ökuþróf fyrir farþegaflutninga í atvinnuskyni.

5. gr.

Við 70. gr. bætist ný málsgrein sem verður 4. mgr., er orðast svo:

Ákvæði 1. og 2. málsgreinar þessarar greinar eiga ekki við um réttthafa gilds ökuskírteinis sem gefið hefur verið út í ríki sem er aðili að Evrópska efnahagssvæðinu eða í ríki sem samkvæmt samningi við EB hefur innleitt ákvæði tilskipunar nr. 91/439/EBE um ökuskírteini.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á undirkafla með fyrirsögninni *Skilgreiningar í II. viðauka*.

a. Við 1. mgr. kemur nýr málslíður er orðast svo:

Ökukennarar tilheyra þessum hópi.

b. Við 1. mgr. kemur ný málsgrein er orðast svo:

Þeir, sem fyrir 15. ágúst 1997 hafa öðlast ökuréttindi eða ökukennararéttindi, sbr. hóp 2, geta þó fengið endurnýjuð þau réttindi á grundvelli ákvæða um sjón sem voru í gildi í reglugerð fram að þeirri dagsetningu.

7. gr.

Í stað orðanna „skráningarstofu ökutækja“ í 1. mgr. I. kafla III. viðauka kemur: Umferðarstofu.

8. gr.

Í stað orðanna „31. desember 1999“ í 2. mgr. í undirkafla með fyrirsögninni *Ástand ökutækis og búnaður* í II. kafla III. viðauka kemur: 31. desember 2008.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á undirkafla með fyrirsögninni *Ökukennslumerki, auglýsingar o.fl.* í II. kafla III. viðauka:

a. Í stað orðsins „Umferðarráð“ kemur: Umferðarstofa.

b. 2. másl. 2. mgr. fellur brott.

10. gr.

Á undan 1. mgr. í undirkafla með fyrirsögninni *Sjálfskipting* í II. kafla III. viðauka kemur ný málsgrein er orðast svo:

„Ökutæki með sjálfskiptingu“ merkir ökutæki þar sem einungis er hægt að breyta gírhlutfalli milli hreyfils og hjóla með eldsneytisgjöf eða hemlum.

11. gr.

4. mgr. í B. flokki B, III. kafla í III. viðauka orðast svo:

Ef bifreiðin er búin hallahemli skal hann vera aftengjanlegur.

12. gr.

C. flokkur C, III. kafla í III. viðauka orðast svo:

Vörubifreið a.m.k. 8,0 m að lengd, a.m.k. 2,4 m á breidd, a.m.k. 12.000 kg að leyfðri heildarþyngd og gerð fyrir a.m.k. 80 km/klst. hraða. Eigin þyngd vörubifreiðarinnar skal vera a.m.k. 10.000 kg.

Farmrýmið skal vera lokaður kassi sem er að minnsta kosti jafnbreiður og jafnhár og stýrishúsið.

Bifreiðin skal búin baksýnispeglum fyrir ökukennara, í flokki II skv. reglugerð um gerð og búnað ökutækja, á báðum hliðum. Baksýn án úti baksýnispegla skal ekki vera möguleg fyrir ökumann.

Bifreiðin skal búin læsivörðum hemlum, gírkassa með átta gírurum áfram hið minnsta og ökurita samkvæmt reglugerð EBE nr. 3821/85.

Um aðrar sérkröfur gildir hið sama og fyrir flokk B.

Við verklega prófið skal bifreið vera með a.m.k. 50% af leyfðum farmþunga.

13. gr.

D. flokkur D, III. kafla í III. viðauka orðast svo:

Hópbifreið a.m.k. 10 m að lengd og skráð fyrir a.m.k. 40 farþega. Bil milli ása skal vera a.m.k. 5,5 m og bifreiðin gerð fyrir a.m.k. 90 km/klst. hraða.

Hópbifreiðin skal búin læsivörðum hemlum og ökurita samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 3821/85.

Bifreiðin skal búin baksýnispeglum fyrir ökukennara, í flokki II skv. reglugerð um gerð og búnað ökutækja, á báðum hliðum.

Um aðrar sérkröfur gildir hið sama og fyrir flokk B.

14. gr.

E. flokkur E, III. kafla í III. viðauka orðast svo:

– Flokkur BE:

Fólksbifreið í flokki B með tengdan eftirvagn/tengitæki að heildarþyngd a.m.k. 1.250 kg. Heildarþyngd samtengdu ökutækjanna skal vera meiri en 3.500 kg eða heildarþyngd eftirvagnsins/tengitækisins a.m.k. 200 kg meiri en eigin þyngd bifreiðarinnar.

Ökutækin skulu gerð fyrir a.m.k. 100 km/klst. hraða.

Farmrými eftirvagnsins/tengitækisins skal vera lokaður kassi sem er að minnsta kosti jafnbreiður og jafnhár og vélknúna ökutækið. Lokaði kassin má einnig vera lítið eitt mjórri en vélknúna ökutækið að því tilskildu að baksýn fái eingöngu með úti baksýnispeglum á vélknúna ökutækinu

– Flokkur CE:

Bifreiðin skal uppfylla allar kröfur til prófökutækja í flokki C aðrar en kröfur um lengd og farmrými. Festi- eða tengivang sem er a.m.k. 7,5 m að lengd skal notaður. Samtengdu ökutækin skulu vera a.m.k. 14 m að lengd, a.m.k. 2,4 m á breidd, a.m.k. 20.000 kg að leyfðri heildarþyngd og skulu gerð fyrir a.m.k. 80 km/klst. hraða.

Samarlögð eiginþyngd vagnlestarinnar skal vera að minnsta kosti 15.000 kg.

Farmrými eftirvagnsins skal vera lokaður kassi sem er að minnsta kosti jafnbreiður og jafnhár og stýrishúsið

Baksýn án úti baksýnispegla skal ekki vera möguleg fyrir ökumann.

Við verklega prófið skulu ökutækin vera með a.m.k. 50% af leyfðum farmþunga.

– Flokkur DE:

Prófökutæki í flokki D með tengdan eftirvagn sem er a.m.k. 3.000 kg að leyfðri heildarþyngd og a.m.k. 2,4 m á breidd. Samtengdu ökutækin skulu gerð fyrir a.m.k. 80 km/klst. hraða.

Farmrými eftirvagnsins skal vera lokaður kassi sem er að minnsta kosti tveggja metra breiður og tveggja metra hár.

Baksýn án úti baksýnispegla skal ekki vera möguleg fyrir ökumann.

Við verklega prófið skal eftirvagninn vera með a.m.k. 50% af leyfðum farmþunga.

15. gr.

Á 1. mgr. í lið I með fyrirsögninni *Ökutæki fyrir fatlaða*, III. kafla í III. viðauka verða eftirfarandi breytingar:

- a. Í stað orðsins „fatlaðan“ kemur: hreyfihamlaðan og í stað orðsins „skráningarstofu“ kemur orðið: Umferðarstofu.
- b. Fyrirsögnin verður: *I. Ökutæki fyrir hreyfihamlaða.*

16. gr.

VII. viðauki orðast svo:

VII. VIÐAUKI

Ákvæði um viðbótarupplýsingar, skilyrði og takmarkanir er varða ökuskírteini.

1. Sameiginleg ákvæði.

Táknþölur í 2. og 3. tölulið tilgreina viðbótarupplýsingar, skilyrði og takmarkanir er varða handhafa ökuskírteinis og skulu færðar í dálk 12 á ökuskírteininu, að jafnaði aftan við þann réttindaflokk sem við á. Ef dálkurinn nægir ekki fyrir táknþölu skulu þær með tilvísun (*) færðar neðan við ökuréttindaflokkana og dálkana 9 – 11. Ef táknþala varðar alla réttindaflokka skal hún og færð neðan við ökuréttindaflokkana. Sama á við um táknþölu vegna stjórnslu.

Táknþölurnar eru annars vegar samræmdar táknþölu (1 – 99) sem gilda innan Evrópska efnahagssvæðisins og hins vegar innlendar táknþölu (100 og hærra) sem einungis gilda innan viðkomandi lands.

Lögreglustjóri ákveður, eftir atvikum á grundvelli tilmæla eða meðmæla lækni eða prófdómara, hvaða táknþölu, fyrir undirflokk ef við á, skal nota við útgáfu ökuskírteinis.

Táknþölurnar eru annaðhvort notaðar einar sér eða ásamt táknþölu fyrir undirflokk. Dómsmálaráðuneytið getur sett nánari leiðbeiningar um notkun táknþölna og undirflokka.

Táknþölurnar 72 - 79 skal nota við skipti á ökuskírteinum sem gefin hafa verið út í ríkjum sem eru aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu, að því leyti sem hlutaðeigandi ökuskírteini er með undirflokk ökutækja í samræmi við tilskipun EB um ökuskírteini. Táknþölurnar 74 - 77 skulu með sama hætti notaðar við útgáfu nýs ökuskírteinis í stað eldra ökuskírteinis.

2. Táknþölu sem gilda fyrir Evrópska efnahagssvæðið.

ÖKUMAÐUR (læknisfræðilegar ástæður)

01. Leiðrétting sjónar og/eða vörn

- 01.01 Gleraugu
- 01.02 Snertilinsa (snertilinsur)
- 01.03 Hlífðargleraugu
- 01.04 Ógegnsæ linsa
- 01.05 Augnhlíf
- 01.06 Gleraugu eða snertilinsur

02. Heyrnartæki/samskiptastoð

- 02.01 Heyrnartæki við annað eyra
- 02.02 Heyrnartæki við bæði eyru

03. Gervilimir eða gervilimir/stoðtæki fyrir fætur og hendur/handleggi

- 03.01 Gervilimir eða gervilimir/stoðtæki fyrir hönd-handlegg/hendur-handleggi
- 03.02 Gervilimir eða gervilimir/stoðtæki fyrir fót/fætur

05. Takmarkaður akstur (af læknisfræðilegum ástæðum)

- 05.01 Takmarkað við akstur í dagsbirtu (t.d. frá einni klukkustundu eftir sólarupprás og þar til ein klukkustund er til sólseturs)
- 05.02 Takmarkað við akstur innan ... km rafiús frá heimili skírteinishafa eða eingöngu innan bæjar/svæðis ...
- 05.03 Takmarkað við akstur án farþega
- 05.04 Takmarkað við akstur sem er ekki hraðari en ... km/klst.
- 05.05 Akstur aðeins heimill þegar farþegi, sem er handhafi ökuskírteinis, er með í för
- 05.06 Takmarkað við akstur án eftirvagns/tengitækis
- 05.07 Akstur óheimill á hraðbrautum
- 05.08 Ekkert áfengi

Aðlögun ökutækis**10. Aðlagaður girkassi**

- 10.01 Beinskipting
- 10.02 Sjálfskipting
- 10.03 Rafstýrð skipting
- 10.04 Aðlöguð gírstöng
- 10.05 Takmörkun á fjölda gíra

15. Aðlagaður tengslisbúnaður

- 15.01 Aðlagaður tengslisfetill
- 15.02 Beinstýrt tengsli
- 15.03 Sjálfvirkt tengsli
- 15.04 Hlíf framan við tengslisfetil eða tengslisfetill sem leggja má saman eða fjarlægja

20. Aðlagaður hemlabúnaður

- 20.01 Aðlagaður hemlafetill
- 20.02 Stækkaður hemlafetill
- 20.03 Hemlafetill fyrir vinstri fót
- 20.04 Hemlafetill við il
- 20.05 Skásettur hemlafetill
- 20.06 Beinstýrður aksturshemill
- 20.07 Aukin virkni aksturshemils - hámarks styrking aksturshemils
- 20.08 Aukin virkni neyðarhemils - neyðarhemill sambyggður aksturshemli
- 20.09 Aðlagaður stöðuhemill
- 20.10 Rafknúinn stöðuhemill
- 20.11 Fótstíginn stöðuhemill
- 20.12 Hlíf fram við hemlafetil eða hemlafetill sem leggja má saman eða fjarlægja
- 20.13 Hemill sem stjórnað er með hnénu
- 20.14 Rafknúinn aksturshemill

25. Aðlagður búnaður fyrir eldsneytisgjöf

- 25.01 Aðlagður eldsneytisfetill
- 25.02 Eldsneytisfetill við il
- 25.03 Skásettur eldsneytisfetill
- 25.04 Beinstýrð eldsneytisgjöf
- 25.05 Eldsneytisgjöf stýrt með hné
- 25.06 Eldsneytisgjöf með aflgjafa (t.d. rafmagni eða lofti)
- 25.07 Eldsneytisfetill vinstra megin við hemlafetil
- 25.08 Eldsneytisfetill vinstra megin
- 25.09 Hlíf framan við eldsneytisfetil eða eldsneytisfetill sem leggja má saman eða fjarlægja

30. Aðlagður sambyggður hemlabúnaður og búnaður fyrir eldsneytisgjöf

- 30.01 Fetlar hlið við hlið
- 30.02 Fetlar í sömu eða nánast sömu hæð
- 30.03 Eldsneytisgjöf og hemill sem renna má til
- 30.04 Eldsneytisgjöf og hemill sem renna má til og með stoðtæki
- 30.05 Eldsneytisfetill og hemlafetil sem leggja má saman eða fjarlægja
- 30.06 Hækkað gólf
- 30.07 Hlíf við hlið hemlafetils
- 30.08 Hlíf fyrir gervilim við hlið hemlafetils
- 30.09 Hlíf framan við eldsneytis- og hemlafetil
- 30.10 Stuðningur við hæl og/eða fót
- 30.11 Rafstýrð eldsneytisgjöf og hemill

35. Aðlagð skipulag stjórnækja

(rofar fyrir ljósabúnað, rúðuþurrkur/-sprautur, flauta, stefnuljós o.s.frv.)

- 35.01 Beita má stjórnækjum án þess að það skerði öryggi við stjórnun og meðferð ökutækisins
- 35.02 Beita má stjórnækjum án þess að sleppa þurfi stýrishjólí eða hjálpartækjum (hnúð, gaffalgripi o.s.frv.)
- 35.03 Beita má stjórnækjum án þess að sleppa þurfi taki vinstri handar á stýrishjólí eða hjálpartækjum (hnúð, gaffalgripi o.s.frv.)
- 35.04 Beita má stjórnækjum án þess að sleppa þurfi taki hægri handar á stýrishjólí eða hjálpartækjum (hnúð, gaffalgripi o.s.frv.)
- 35.05 Beita má stjórnækjum án þess að sleppa þurfi stýrishjólí eða hjálpartækjum (hnúð, gaffalgripi o.s.frv.) og sambyggðum búnaði fyrir eldsneytisgjöf og hemlun

40. Aðlagður stýrisbúnaður

- 40.01 Venjulegt aflstýri
- 40.02 Aflstýri með auknu afli
- 40.03 Stýri með varabúnaði
- 40.04 Lengd stýrisstöng
- 40.05 Aðlagð stýrishjól (stærra og/eða með þykkara gripi, með minna þvermáli o.s.frv.)
- 40.06 Skásett stýrishjól
- 40.07 Lóðrétt stýrishjól
- 40.08 Lárétt stýrishjól
- 40.09 Akstri stýrt með fótum

- 40.10 Annars konar aðlögun stýrisbúnaðar (stýrispinni o.s.frv.)
- 40.11 Hnúður á stýrishjóli
- 40.12 Handspelka á stýrishjóli
- 40.13 Með sinaspelku (orthes tenodes)

42. Aðlagaður (-ir) baksýnispegill/-speglar

- 42.01 Úti-baksýnispegill á (vinstri eða) hægri hlið
- 42.02 Úti-baksýnispegill á frambretti
- 42.03 Auka inni-baksýnispegill fyrir ökumann til að fylgjast með umferðinni
- 42.04 Gleiðhorns-inni-baksýnispegill
- 42.05 Baksýnispegill sem gerir ökumanni kleift að fylgjast með blinda svæðinu
- 42.06 Rafstýrður úti-baksýnispegill eða -speglar

43. Aðlagað ökumannssæti

- 43.01 Ökumannssæti komið fyrir í hæð sem veitir ökumanni góða útsýn og er í eðli-legrri fjarlægð frá stýrishjóli og fetlum
- 43.02 Ökumannssæti aðlagað lögun líkama ökumanns
- 43.03 Ökumannssæti með stoð til beggja hliða til að auka stöðugleika
- 43.04 Ökumannssæti með armhvílu
- 43.05 Ökumannssæti komið fyrir á lengdri rennibraut
- 43.06 Aðlagað öryggisbelti
- 43.07 Öryggisbelti af H-gerð

44. Aðlögun bifhjóls

- 44.01 Báðum hemlum beitt með einu stjórtæki
- 44.02 Handstýrður (aðlagaður) hemill fyrir framhjól
- 44.03 Fótstýrður (aðlagaður) hemill fyrir afturhjól
- 44.04 (Aðlagað) handfang fyrir eldsneytisgjöf
- 44.05 (Aðlöguð) beinstýrð girskipting og beinstýrt tengsli
- 44.06 (Aðlagaður) baksýnispegill eða -speglar
- 44.07 (Aðlöguð) stjórtæki (stefnuljós, hemlaljós, ...)
- 44.08 Ökumannssæti er ekki hærra en svo að ökumaður nær samtímis með báðum fótum til jarðar þegar hann situr

45. Einungis bifhjól með hliðarvagni

50. Takmarkað við ökutæki/verksmiðjunúmer (verksmiðjunúmer ökutækisins)

51. Takmarkað við tiltekið ökutæki/skráningarmerki (skráningarnúmer ökutækisins)

Stjórnsýsla

- 70 Skipt á erlendu ökuskírteini nr. sem var gefið út af (einkennisstafir ESB/SP fyrir þriðju lönd, t.d. 70. 0123456789.NL)
- 71 Samrit ökuskírteinis nr. (einkennisstafir ESB/SP fyrir þriðju lönd t.d. 71.987654321.HR)
- 72 Takmarkað við ökutæki í flokki A með aflvél ekki yfir 125 rúmsentimetrar og vélarafli sem fer ekki yfir 11 kW (A1)

- 73 Takmarkað við þrí- og fjórhjóra ökutæki í flokki B (B1)
- 74 Takmarkað við ökutæki í flokki C með leyfðri heildarþyngd 7.500 kg eða minna (C1)
- 75 Takmarkað við ökutæki í flokki D með sæti fyrir 16 farþega eða færri auk ökumanns (D1)
- 76 Takmarkað við ökutæki í flokki C með leyfðri heildarþyngd 7.500 kg eða minna (C1) með tengdan eftirvagn/tengitæki sem er meira en 750 kg að leyfðri heildarþyngd, enda sé leyfð heildarþyngd beggja ökutækja 12.000 kg eða minna og leyfð heildarþyngd eftirvagnsins/tengitækisins ekki meiri en eigin þyngd dráttartækisins (C1E)
- 77 Takmarkað við ökutæki í flokki D með sæti fyrir 16 farþega eða færri auk ökumanns (D1) með tengdan eftirvagn/tengitæki sem er meira en 750 kg að leyfðri heildarþyngd, enda sé:
- leyfð heildarþyngd beggja ökutækja 12.000 kg eða minna og leyfð heildarþyngd eftirvagnsins/tengitækisins ekki meiri en eigin þyngd dráttartækisins og
 - eftirvagninn/tengitækið ekki notað til fólksflutninga (D1E)
- 78 Takmarkað við ökutæki með sjálfskiptingu (Tilskipun 91/439/EBE með síðari breytingum, 2. mgr. í lið 8.1.1 í II. viðauka)
- 79 Takmarkað við ökutæki sem skilgreint er í sviga í samræmi við ákvæði 1. mgr. 10. gr. tilskipunarinnar.

90.01: til vinstri

90.02: til hægri

90.03: vinstri

90.04: hægri

90.05: fyrir hönd

90.06: fyrir fót

90.07: má nota

3. Innlandar tákntölur.

Tákntölur í þessum lið skulu jafnan færðar í dálk 12 neðan við ökuréttindaflokkana. Aftan við tákntölurnar skal innan sviga tilgreina lokadag réttindanna. Þessar tákntölur hafa einungis gildi hér á landi.

400 Skírteinishafi hefur ökuskírteini til farþegaflutninga í atvinnuskyni fyrir flokk B

425 Skírteinishafi hefur ökuskírteini til farþegaflutninga í atvinnuskyni fyrir flokk D (eftir atvikum D1)

450 Skírteinishafi hefur ökuskírteini til farþegaflutninga í atvinnuskyni fyrir flokkana B og D (eftir atvikum D1)

500 Skírteinishafi er löggiltur ökukennari vegna réttindaflokksins B.

525 Skírteinishafi er löggiltur ökukennari vegna réttindaflokkanna A og B.

530 Skírteinishafi er löggiltur ökukennari vegna réttindaflokkanna B, C og E (Ökukennara-réttinda til réttindaflokks B aflað fyrir 2000)

540 Skírteinishafi er löggiltur ökukennari vegna réttindaflokkanna A, B, C og E (Ökukennara-réttinda til réttindaflokks B aflað fyrir 2000)

550 Skírteinishafi er löggiltur ökukennari vegna réttindaflokkanna B, C, D og E.

575 Skírteinishafi er löggiltur ökukennari vegna réttindaflokkanna A, B, C, D og E.

16. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 50., 52., 56., 57. og 60. gr. umferðarlaga nr. 50 30. mars 1987 með áorðnum breytingum, og til innleiðingar á tilskipun 2000/56/EB, sbr. tilskipun 91/439/EBE, sem vísað er til í 24a lið XIII. viðauka sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 18/2001 og öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 20. nóvember 2003.

Björn Bjarnason.

Björn Friðfinnsson.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Landspítalasjóð Íslands.

1. gr.

Sjóður þessi var stofnaður með almennum samskotum um land allt er konur gengust fyrir til minningar um stjórnmalaréttindi íslenskra kvenna, fengin 19. júní 1915. Kvenfélög þau í Reykjavík er í fyrstu gengust fyrir fjársöfnun til sjóðsins voru Hið íslenska kvenfélag, Hvíta bandið, Kvenfélag Fríkirkjusafnaðarins, Kvenréttindafélag Íslands í Reykjavík, Lestrarfélag kvenna í Reykjavík, Thorvaldsensfélagið, Ungmennafélagið Iðunn og Verkakvennafélagið Framsókn.

Hinn 1. janúar 1998 voru fjórir sjóðir, Dánargjöf Peter D. Petersen, Bókasjóður Víðihlíðar, Minningarsjóður hjónanna Kristínar Jóhannsdóttur og Hjalta Jóhannssonar og fyrri konu hans, Gróu Porkelsdóttur og Minningarsjóður Sigríðar Lárettu Pétursdóttur og Steinnunnar Stefaníu Einarsdóttur, sameinaðir Landspítalasjóði Íslands, sbr. skipulagsskrá sjóðsins nr. 281/1999.

Skipulagsskrá fyrir sjóðinn var fyrst staðfest 24. nóvember 1916 og er nafn sjóðsins: Landspítalasjóður Íslands.

Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Stofnfé Landspítalasjóðs var 23.729,09 kr. Í árslok 2001 er peningaeign hans kr. 7.845.757 og hlutfjáreign í hf. Eimskipafélagi Íslands að nafnvirði 33.303 kr.

3. gr.

Höfuðstól sjóðsins, sem skal vera 581.000 kr., má aldrei skerða. Peningaeign sjóðsins samkvæmt 2. mgr. 2. gr., hlutabréfaeign samkvæmt sömu málsgrein, tekjum hans, sbr. 4. gr., ásamt vöxtum af höfuðstól, sbr. 1. mgr. þessarar greinar, skal varið í samræmi við tilgang hans, sbr. 5. gr.

Stjórn sjóðsins getur ákveðið að selja hlutabréf hans í hf. Eimskipafélagi Íslands og fjárfest andvirði þeirra í ríkistryggðum verðbréfum. Hlutabréfin má þó aldrei selja undir skráðu gengi þeirra í Kauphöll Íslands. Sama gildir ef hf. Eimskipafélag Íslands verður lagt niður.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru gjafafé, minningargjafir og áheiti til Landspítala – háskólasjúkrahúss eða einstakra deilda hans, ágóði af fjáröflun fyrir spítalann eða einstakar deildir hans, rannsóknarstyrkir vegna vísindarannsókna á vegum sjúkrahússins og önnur fjárframlög sem sjóðnum kunna að berast, ásamt vöxtum af þessum fjármunum.

5. gr.

Tilgangur sjóðsins er:

1. Að styrkja rannsóknir og efla vísindastarfsemi á Landspítala – háskólasjúkrahúsi.
2. Að bæta aðstöðu sjúklinga á spítalanum, m.a. með því að leggja fram fé til kaupa á lækningatækjum fyrir spítalann.
3. Að styrkja hvers konar aðra starfsemi á spítalanum, sjúklingum og starfsmönnum til hagsbóta.

Sjóðnum er þó ekki heimilt að leggja fram fé eða lána spítalanum fjármuni til að standa straum af venjulegum rekstrarútgjöldum.

6. gr.

Við bókhald sjóðsins skal halda sérstaka skrá yfir gjafir, rannsóknarstyrki vegna vísindarannsókna á vegum sjúkrahússins og önnur fjárframlög til hans sem eru bundin því skilyrði að þau nýtist tiltekinni deild spítalans. Við ákvörðun styrkja til einstakra deilda skal hafa hliðsjón af þessari skrá sjóðsins.

Stjórn sjóðsins er heimilt að skipa sérstakar úthlutunarnefndir vegna gjafa og fjárframlaga sem bundin eru því skilyrði að þau nýtist tilteknum deildum Landspítala – háskólasjúkrahúss og setja þeim starfsreglur. Með sama hætti getur stjórn sjóðsins skipað sérstakar umsjónarnefndir rannsóknarstyrkja.

7. gr.

Stjórnarnefnd Landspítala – háskólasjúkrahúss skipar þrjá menn í stjórn sjóðsins til fjögurra ára í senn

Stjórnarfundir skulu haldnir a.m.k. einu sinni á ári og skal til þeirra boðað af formanni. Stjórn sjóðsins skal halda fundargerðarbók um ákvarðanir sínar og um hvaðeina er varðar rekstur sjóðsins.

Úthlutunar- og umsjónarnefndir, sbr. 2. mgr. 6. gr. skulu halda fundi svo oft sem þurfa þykir og skal til þeirra boðað af formanni. Þessar nefndir skulu rita fundargerðir um ákvarðanir sínar.

8. gr.

Stjórn sjóðsins ákveður styrkveitingar úr sjóðnum í samræmi við tilgang hans, sbr. 5. gr., sbr. þó ákvæði 2. mgr. 6. gr. Stjórnunarkostnað, þ.m.t. kostnað vegna starfa úthlutunar- og umsjónarnefnda, sbr. 2. mgr. 6. gr., má greiða af tekjum sjóðsins.

9. gr.

Fjárvörslu sjóðsins annast skrifstofa fjárreiðna og upplýsinga hjá Landspítala – háskólasjúkrahúsi og skal reikningsár sjóðsins miðast við almanaksárið. Skrifstofa fjárreiðna og upplýsinga semur árlega fyrir stjórn sjóðsins reikning yfir tekjur og gjöld hans, svo og efnahagsreikning og skal hann liggja fyrir eigi síðar en 1. apríl vegna undangengins árs.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðanda Landspítala – háskólasjúkrahúss.

Endurskoðaðir reikningar skulu sendir Ríkisendurskoðun eigi síðar en 30. júní ár hvert fyrir næstliðið ár.

10. gr.

Skipulagsskrá þessari verður hvorki breytt né Landspítalaskjöldur Íslands lagður niður nema með einróma samþykki sjóðstjórnar og að fengnu samþykki dómsmálaráðherra.

11. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari. Jafnframt fellur úr gildi skipulagsskrá fyrir Landspítalaskjöld Íslands sem staðfest var 21. apríl 1999 (B-deild Stjórnartíðinda nr. 281/1999).

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 10. nóvember 2003.

F. h. r.

Drífa Pálsdóttir.

Bryndís Helgadóttir.

GJALDSKRÁ

um gatnagerðargjald í Eyjafjarðarsveit.

1. gr.

Almenn heimild.

Af öllum nýbyggingum og stækkunum eldri húsa í Eyjafjarðarsveit skal greiða gatnagerðargjald til sveitarsjóðs enda sé um að ræða leigulóðir í eigu sveitarfélagsins í skipulögðum hverfum. Um gatnagerðargjald fer að öðru leyti eftir ákvæðum laga nr. 17/1996, um gatnagerðargjald, og reglugerðar um gatnagerðargjald nr. 543/1996.

2. gr.

Ráðstöfun gatnagerðargjalds.

Gatnagerðargjaldi skal varið til gatnagerðar í skipulögðum hverfum í sveitarfélaginu sbr. 1. gr. Til kostnaðar við gatnagerð telst undirbygging gatna með tilheyrandi lögnum, götulýsing, bundið slitlag, gangstéttir, umferðareyjar og þess háttar þar sem gert er ráð fyrir því í skipulagi.

3. gr.

Grunnur gatnagerðargjalds.

Gatnagerðargjald miðast við stærð húss í fermetrum og skal gjaldið pr. fermetra tilgreint í heilum krónum. Gjaldið, miðað við húsgerðir, skal vera sem hér segir:

Einbýlishús með eða án tvíbýlisaðstöðu	kr.	6.190 pr. fermetra
Raðhús, parhús og tvíbýlishús	kr.	4.833 pr. fermetra

Fjölbýlishús	kr.	3.666 pr. fermetra
Iðnaðar-, verslunar- og þjónustuhúsnæði	kr.	3.700 pr. fermetra

Flatarmál húsa, sem gatnagerðargjald er greitt af, er brúttóflatarmál viðkomandi húss, að undanskildum svölum sbr. ÍST 50:1998. Skriðkjallari og gangar, sem eingöngu eru notaðir sem lagnaleiðir, teljast ekki með í stærðum til útreiknings á heildarstærð húsnæðisins.

Fjárhæð gatnagerðargjalds breytist 1. dag hvers mánaðar til samræmis við breytingu á vísitölu byggingarkostnaðar. Grunnvísitala miðast við nóvember 2003 sem er 287,8 stig.

Sveitarstjórn er heimilt að lækka gjöld skv. gjaldskrá þessari vegna ákveðinna svæða eða lóða og að binda þá lækkun við tiltekið tímabil og skilyrði sbr. það sem nánar segir í gr. 6.

4. gr.

Lámarks gjald.

Gatnagerðargjald sbr. 3. gr. er lámarks gjald og verður aldrei lægra en sem nemur margfeldi af gjaldi pr. fermetra, sbr. einnig 3. gr. og eftirtöldum stærðum miðað við tegundir húsa:

Einbýlishús með eða á tvíbýlisaðstöðu	210 fermetrar
Raðhús, parhús og tvíbýlishús	180 fermetrar pr. íbúð
Fjölbýlishús	120 fermetrar pr. íbúð
Iðnaðar-, verslunar- og þjónustuhúsnæði	300 fermetrar

Bílgeymslur og útigeymslur skal telja með í útreikningi á flatarmáli húsa.

Fari heildarstærð húss eða íbúðar yfir þessar tilteknu stærðir greiðist viðbótargjald pr. fermetra þar umfram skv. því fermetraverði, sem um getur í 3. gr.

5. gr.

Greiðsluskilmálar.

Gjalddagi lágmarksgatnagerðargjalds er dagsetning tilkynningar um lóðarúthlutun og eindagi er 30 dögum síðar. Gjaldið skal staðgreitt á gjalddaga og eigi síðar en á eindaga þess, að öðrum kosti öðlast byggingarleyfi ekki gildi. Þó skal heimilt að semja um greiðslufrest skv. eftirfarandi skilmálum:

- Helmingur gjaldsins greiðist á gjalddaga, sbr. 3. mgr.
- Eftirstöðvar gjaldsins greiðist með tveimur jöfnum afborgunum þremur og sex mánuðum síðar.

Ef gjaldið er ekki greitt innan tilskilins frests fellur lóðarúthlutunin sjálfkrafa úr gildi án sérstakrar tilkynningar þar um. Ákvæði um greiðslufrest eiga ekki við ef veittur er afsláttur af gatnagerðargjaldi skv. heimild í síðustu mgr. 3. gr. sjá einnig 6. gr.

Ef flatarmál bygginga, sem embætti byggingarfulltrúa samþykkir, er umfram það flatarmál, sem lágmarksgatnagerðargjald sbr. 4. gr. er miðað við, skal greiða viðbótargjald pr. fermetra skv. þeirri gjaldskrá, sem þá er í gildi. Viðbótargatnagerðargjald skal greiða að fullu áður en byggingarleyfi er gefið út.

Lóðarhafa er ekki heimilt að hefja framkvæmdir fyrr en gatnagerðargjaldið hefur verið greitt eða um það gerður skriflegur greiðslusamningur.

Lóðarhafi ber ábyrgð á greiðslu gatnagerðargjalds. Gatnagerðargjald ásamt áföllnum vöxtum og kostnaði er tryggt með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði eða aðfararveði sbr. 4. gr. laga um gatnagerðargjald, nr. 17/1996. Athygli lóðarhafa er vakin á því að kröfur, sem byggja á lögveðsrétti, koma ekki fram á veðbókarvottorði.

6. gr.

Um afslátt af gatnagerðargjaldi.

Sveitarstjórn er heimilt að veita afslátt af gatnagerðargjaldi, sbr. síðustu mgr. 3. gr. Tilgangurinn með afslættinum getur verið sá að flýta fyrir uppbyggingu við ákveðna götu eða í ákveðnu hverfi. Þá getur afsláttur verið veittur vegna óhagstæðra byggingarskilyrða á lóð eða vegna þess að lóð hefur lengi verið óbyggð í annars fullbyggðu hverfi. Til að njóta afsláttarins þarf lóðarhafi að staðgreiða að fullu álagt gatnagerðargjald og undirrita sérstakan samning, sem byggir á eftirtöldum skilyrðum:

- a. að hann ætli sér að ljúka við fokhelda byggingu áður en ár er liðið frá því að lóð telst byggingarhæf. Lóðarhafi skal framvísa fokheldisvottorði byggingarfulltrúa fyrir tilskilinn frest til að njóta þessa afsláttar,
- b. að hann ætli sér að ganga frá jafnaðri og uppgræddri (þakin eða sáð) lóð áður en 18 mánuðir eru liðnir frá dagsetningu tilkynningar um lóðarúthlutun. Jafnframt skal hann fyrir þennan frest framvísa stöðuvottorði byggingarfulltrúa um að hús/íbúð sé íbúðarhæf,
- c. að hann flytji lögheimili sitt og fjölskyldu sinnar í Eyjafjarðarsveit áður en 18 mánuðir eru liðnir frá dagsetningu tilkynningar um lóðarúthlutun.

Takist lóðarhafa ekki að standa við skilyrði sbr. lið a skal hann greiða upphæð sem nemur helmingi af veittum afslætti. Sú upphæð fellur í gjalddaga þegar ár er liðið frá dagsetningu tilkynningar um lóðarúthlutun.

Takist lóðarhafa ekki heldur að standa við skilyrði sbr. b- og c-lið skal hann til viðbótar greiða gjald sem nemur helmingi af veittum afslætti. Sú upphæð fellur í gjalddaga þegar 18 mánuðir eru liðnir frá dagsetningu tilkynningar um lóðarúthlutun.

7. gr.

Frávik.

Gatnagerðargjald skal fella niður eða lækka í eftirtöldum tilvikum:

1. Af kjallararýmum íbúðarhúsa, ef það hefur orðið til vegna þess að hagkvæmara er að grafa út grunninn en fylla hann upp, skal ekkert gatnagerðargjald greitt, enda sé rýmið gluggalaust og aðeins gengt í það innan frá.
2. Af léttum viðbyggingum sem nýttar eru sem sólskáli skal ekkert gatnagerðargjald greitt enda sé rýmið ekki yfir 20 fermetrum.
3. Af léttbyggðum garðhúsum og eða geymsluhúsum sem ekki eru yfir 10 fermetrum skal ekki greiða gatnagerðargjald.
4. Af stækkun íbúðarhúss, sem er 10 ára eða eldra (miðað við lokaúttekt byggingarfulltrúa) skal ekki greiða gatnagerðargjald enda sé stækkunin ekki meiri en 30 fermetrar. Sé stækkunin meiri skal greiða fermetragjald af því sem umfram er miðað við gildandi gjaldskrá.
5. Verði heimilað að setja glugga á kjallararými, sbr. 1. tl., eða gera það aðgengilegt utan frá skal greiða gatnagerðargjald sem nemur 15% af fermetragjald skv. gildandi gjaldskrá.

8. gr.

Endurgreiðsla gatnagerðargjalds.

Gatnagerðargjald skal endurgreitt í eftirtöldum tilvikum sbr. 9. gr. reglugerðar um gatnagerðargjald nr. 543/1996:

1. Ef lóðarhafi skilar úthlutaðri lóð eða lóðarúthlutun er afturkölluð.
2. Ef byggingarleyfi fellur úr gildi eða er fellt úr gildi.

Gatnagerðargjaldið endurgreiðist með verðbótum miðað við hækkun eða lækkun byggingarvísitölu frá þeim degi sem það var greitt til endurgreiðsludags. Hafi gatnagerðargjald (viðbótargjald) verið greitt í tengslum við veitingu byggingarleyfis skal það verðbætt frá greiðsludegi til þess dags að byggingarleyfið fellur úr gildi eða er fellt úr gildi.

9. gr.

Auglýsing gjaldskrár.

Sveitarstjórn skal auglýsa gjaldskrá þessa og efnislegar breytingar á henni á þann hátt sem venja er að birta opinberar auglýsingar í sveitarfélaginu. Ekki þarf að auglýsa þær breytingar á gjaldskránni sem leiða af breytingum á vísitölu byggingarkostnaðar sbr. 3. gr. gjaldskrár þessarar.

10. gr.

Meðferð ágreiningsmála.

Sveitarstjórn sker úr ágreiningi, sem kann að rísa um álagningu gatnagerðargjalds skv. gjaldskrá þessari. Aðili máls getur þó skotið ákvörðun sveitarstjórnar til úrskurðar félagsmálaráðherra. Kærufrestur er þrjú mánuðir frá því að aðili fékk vitneskju um álagningu gjaldsins. Kæruheimild þessi skerðir þó ekki rétt aðila til að höfða mál fyrir dómstólum.

11. gr.

Gildistaka.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar með heimild í 6. gr. laga nr. 17/1996, um gatnagerðargjald, og 11. gr. reglugerðar um gatnagerðargjald nr. 543/1996 og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá um gatnagerðargjald í Eyjafjarðarsveit frá 18. janúar 2000.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar 11. nóvember 2003.

Syðra-Laugalandi, 14. nóvember 2003.

Bjarni Kristjánsson sveitarstjóri.

REGLUR

um veitingu viðbótarlána til íbúðarkaupa í Eyjafjarðarsveit.

I. KAFLI

Almenn markmið.

1. gr.

Viðbótarlán eru ætluð einstaklingum, sem búa við erfiðar aðstæður og eiga ekki kost á lánsfjármagni á almennum markaði til að fjármagna eigin íbúðarkaup eða íbúðarbyggingu. Lánið kemur til viðbótar því almenna húsnæðisláni, sem viðkomandi á rétt á, með veði í hlutaðeigandi eign. Viðbótarlán getur numið allt að 25% af matsverði íbúðar sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 783/1998, um viðbótarlán. Heildarlán frá Íbúðalánasjóði getur þó aldrei orðið hærra en 90% af matsverði (kaupverði) íbúðar.

2. gr.

Við veitingu viðbótarlána skal þess gætt að greiðslugetu umsækjanda sé ekki ofgert með of hárrí lánveitingu. Félagsmálanefnd, sem annast úthlutun lánanna í umboði sveitarstjórnar, getur sett reglur um hámarksverð íbúðarhúsnæðis, sem viðbótarlán eru veitt til kaupa á miðað við fjölskyldustærð umsækjanda og áætlað markaðsverð íbúðarhúsnæðis í sveitarfélaginu. Til slíkra reglna skal þó ekki gripið nema fyrir liggja rökstuddur grunur um yfirverð í kaupsamningi og ef eftirspurn eftir viðbótarlánnum sýnist ætla að verða meiri en það fjármagn, sem til ráðstöfunar er ár hvert.

II. KAFLI

Umsóknir.

3. gr.

Umsókn um viðbótarlán skal beint til félagsmálanefndar, sem afgreiðir umsóknina í umboði sveitarstjórnar. Með umsókn skulu fylgja eftirtalin gögn:

- a. Greiðslumat fjármálastofnunar ásamt fylgigögnum um greiðslumat og húsbrefaviðskipti.
- b. Nýjasta skattframtal staðfest af skattstjóra ásamt staðfestingu skattstjóra á tekjum og eignum skv. skattframtali síðustu tveggja ára þar á undan.
- c. Upplýsingar um núverandi húsnæðisaðstæður umsækjanda.
- d. Upplýsingar um fjölskyldustærð.

4. gr.

Umsókn verður ekki tekin til afgreiðslu fyrr en öll tilskilin gögn sbr. 3. gr. eru fyrirbyggjandi. Félagsmálanefnd getur farið fram á það við umsækjanda að hann skili inn fleiri gögnum ef hún telur ástæðu til. Skv. lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998 og reglugerð um viðbótarlán, nr. 783/1998, er staðfesting félagsmálanefndar á rétti til viðbótarláns um leið beiðni til Íbúðalánasjóðs um veitingu á slíku láni. Staðfesting félagsmálanefndar er þó háð samþykki Íbúðalánasjóðs sbr. 12. gr. fyrrnefndrar reglugerðar.

III. KAFLI

Almenn skilyrði fyrir rétti til viðbótarláns.

5. gr.

Réttur til viðbótarláns, auk skilyrða um greiðslumat, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 783/1998, um viðbótarlán, er bundin tekju- og eignamörkum sbr. 5. og 6. gr. sömu reglugerðar með síðari breytingum (reglugerð nr. 395/2001). Tekjumörk miðast við að meðaltekjur nemi, miðað við heilt ár, eigi hærri upphæð en kr. 2.258.000 fyrir einstakling og eigi hærri upphæð en kr. 378.000 fyrir hvert barn 20 ára og yngra, sem býr á heimilinu. Tekjumörk fyrir hjón og sambúðarfólk er 3.162.000. Eignamörk eru kr. 2.438.000. Upphæðir þessar eru háðar breytingu á vísitölu neysluverðs í janúarmánuði ár hvert og miðast framangreindar upphæðir við vísitölu í janúar 2003. Félagsmálaráðherra lætur árlega reikna út og birta nýjar fjárhæðir skv. framansögðu sbr. reglugerð nr. 395/2001. Mat á tekju- og eignamörkum byggist á staðfestu afriti skattframtals sbr. b-lið 3. greinar.

6. gr.

Húseign sú sem veitt er lán til kaupa eða byggingar á skal vera staðsett í Eyjafjarðarsveit og skal umsækjandi ekki vera í vanskilum við sveitarfélagið eða stofnanir þess þegar umsókn er afgreidd. Viðbótarlán til nýbyggingar er ekki afgreitt fyrr en íbúð er fullgerð og byggingarfulltrúi hefur framkvæmt lokaúttekt án athugasemda.

7. gr.

Félagsmálanefnd getur veitt umsækjanda um viðbótarlán undanþágu frá tekju- og eignamörkum sbr. 5. gr. ef sérstakar aðstæður mæla með því. Sérstakar aðstæður geta m.a. verið eftirfarandi:

- a. að umsækjandi hafi orðið fyrir meiri háttar röskun á högum sínum s.s. vegna sambúðarslita, makamissis, slyss, atvinnumissis eða veikinda.
- b. að umsækjandi hafi lækkað í tekjum og sýnt þykir að tekjur hans verði framvegis undir tekjumörkum.
- c. að umsækjandi, maki eða barn eigi við fötlun, örorku eða langvinn veikindi að stríða.
- d. núverandi húsnæðisaðstæður.
- e. mikil framfærslubyrði.

Félagsmálanefnd getur krafist þess að umsækjandi sanni aðstæður sínar með skriflegum gögnum s.s. vottorði um heilsubrest eða fötlun sbr. c-lið.

8. gr.

Við ráðstöfun viðbótarlána verður tekið tillit til þeirra sérstöku aðstæðna, sem um getur í 7. gr., ef til forgansröðunar kemur. Að öðru jöfnu skulu eftirtaldir umsækjendur njóta forgangs við úthlutun viðbótarlána:

- a. barnmargar fjölskyldur.
- b. ef umsækjandi, maki hans eða börn eiga við fötlun, örorku eða langvarandi veikindi að stríða.
- c. einstæðir foreldrar.
- d. þeir sem búa í heilsuspillandi húsnæði eða á annan hátt við ófullnægjandi húsnæðisaðstæður.

IV. KAFLI

Tilkynning um afgreiðslu umsóknar, um málskot og meðferð ágreiningsmála.

9. gr.

Ákvörðun um staðfestingu á rétti umsækjanda til viðbótarláns skal taka eins fljótt og unnt er og niðurstaða tilkynnt umsækjanda skriflega. Sé umsókn hafnað skal niðurstaðan rökstudd skriflega. Ákvörðun er bindandi eftir að hún hefur verið tilkynnt umsækjanda þó með fyrirvara um samþykki Íbúðalánasjóðs sbr. 4. gr. í reglum þessum.

10. gr.

Telji umsækjandi um viðbótarlán eða lánþegi slíks láns á rétt sinn hallað af hálfu félagsmálanefndar getur hann skotið máli sínu til kæruneftndar húsnæðismála sbr. IX. kafla laga um húsnæðismál nr. 44/1998, sbr. einnig reglugerð nr. 459/1999, um kæruneftnd húsnæðismála.

Reglur þessar eru settar með heimild í 2. mgr. 14. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál, og 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 783/1998, um viðbótarlán og voru samþykktar af sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar þann 28. október 2003 til að öðlast þegar gildi.

Syðra-Laugalandi, 14. nóvember 2003.

Bjarni Kristjánsson sveitarstjóri.

REGLUR

um úthlutun félagslegra leiguíbúða Eyjafjarðarsveitar.

1. gr.

Tilgangurinn með rekstri leiguíbúðanna er að tryggja einstaklingum, hjónum eða sambúðarfólki, sem ekki hefur greiðslugetu skv. greiðslumati til að kaupa sér hentugt íbúðarhúsnæði, öruggt húsnæði á viðráðanlegum kjörum. Við rekstur og leigu íbúðanna skal farið að lögum um húsaleigu, nr. 36/1994, lögum nr. 44/1998, um húsnæðismál með síðari breytingum og reglugerð nr. 873/2001, um lánveitingar til leiguíbúða, ráðstöfun þeirra og rekstur. Útleiga íbúðanna að Reykhúsum 4a, b og c er bundin því skilyrði að umsækjandi eða maki hans sé 60 ára eða eldri. Félagsmálanefnd tekur ákvörðun um útleigu umræddra íbúða í umboði sveitarstjórnar.

2. gr.

Auk aldursmarka sbr. 1. gr. er réttur til allra leiguíbúðanna bundinn skilyrðum um tekju- og eignamörk og félagslegar aðstæður umsækjanda. Félagsmálanefnd getur þó veitt undanþágu frá aldursmörkunum tímabundið ef enginn umsækjandi uppfyllir þau mörk. Í þeim tilvikum skal útleiga íbúðanna eftir sem áður bundin skilyrðum um tekju- og eignamörk og leiga skal vera tímabundin til eins árs í senn að hámarki.

3. gr.

Tekjumörk miðast við að meðaltekjur nemi, miðað við heilt ár, eigi hærri upphæð en kr. 2.258.000 fyrir einstakling og kr. 3.162.000 fyrir hjón og sambúðarfólk og kr. 378.000 fyrir hvert barn að 20 ára aldri, sem býr á heimilinu. Eignamörk eru kr. 2.438.000. Upphæðir þessar eru háðar breytingu á vísitölu neysluserðs í janúarmánuði ár hvert og miðast fyrrgreindar upphæðir við vísitölu í janúar 2003. Félagsmálaráðherra lætur árlega reikna út og birta nýjar fjárhæðir skv. framansögðu sbr. 24. gr. reglugerðar nr. 873/2001, um lánveitingar til leiguíbúða, ráðstöfun þeirra og rekstur.

4. gr.

Við mat á því hvort umsækjandi um leiguíbúð er undir tekjumörkum sbr. 3. gr. skal líta til tekna umsækjanda samkvæmt ljósriti af skattframtali síðasta árs, staðfest af skattstjóra, og launaseðlum þess árs þegar umsókn er afgreidd. Með tekjum er átt við heildartekjur einstaklings, hjóna eða sambúðarfólks. Húsaleigubætur teljast ekki til tekna við mat á heildartekjum umsækjanda.

5. gr.

Eignamörk sbr. 3. gr. miðast við heildareign að frádregnum heildarskuldum samkvæmt ljósriti af skattframtali síðasta árs, staðfest af skattstjóra.

6. gr.

Við mat á félagslegum aðstæðum umsækjanda sbr. 2. gr. skal einkum litið til núverandi húsnæðisaðstæðna, heilsufars, vinnugetu þegar það á við og fötlunar. Umsækjandi skal leggja fram læknisvottorð til staðfestingar á heilsubresti eða fötlun telji félagsmálanefnd það nauðsynlegt við mat á umsókn eða umsóknum. Við forgangsröðun umsókna skal tekið mið af framangreindum þáttum sbr. einnig a- og b-lið 7. gr.

7. gr.

Félagsmálanefnd getur veitt umsækjanda um leiguíbúð undanþágu frá tekju- og eignamörkum sbr. 3. gr. ef séstakar aðstæður mæla með því. Sérstakar aðstæður geta m.a. verið eftirfarandi:

- a. að umsækjandi hafi orðið fyrir meiri háttar röskun á högum sínum s.s. vegna sambúðarslita, makamissis, slyss, atvinnumissis eða veikinda.
- b. að umsækjandi hafi lækkað í tekjum og sýnt þykir að tekjur hans verði framvegis undir tekjumörkum.
- c. að umsækjandi, maki hans eða sambýlismaður/kona eða börn eigi við fötlun, örorku eða langvinn veikindi að stríða.
- d. núverandi húsnæðisaðstæður.

8. gr.

Leigu skal miða við samræmdar reglur Íbúðalánasjóðs um útreikning á húsaleigu sbr. 28. gr. reglugerðar nr. 873/2001, um lánveitingar til leiguíbúða, ráðstöfun þeirra og rekstur. Leigjandi skal auk þess greiða sorphirðugjald og tæmingargjald rotþróar skv. gjaldskrá, sem sveitarstjórn ákveður.

9. gr.

Gjalddagi leigu er 1. virkan dag hvers mánaðar og skal leiga greidd fyrirfram fyrir einn mánuð í senn. Félagsmálanefnd getur sett þau skilyrði fyrir leigu að leigutaki sé í greiðsluþjónustu og þarf þá við afhendingu íbúðarinnar að liggja fyrir skrifleg staðfesting bankastofnunar þar að lútandi.

10. gr.

Húsaleigusamningar eru ótímabundnir sbr. þó það sem segir í niðurlagi 2. gr. en þá er um tímabundinn leigusamning að ræða sem lýkur á umsömdum degi án uppsagnar eða tilkynningar af hálfu aðila. Uppsagnarfrestur af hálfu leigutaka er 6 mánuðir þegar um ótímabundinn samning er að ræða. Uppsagnarfrestur leigusala er 6 mánuðir fyrstu 5 árin en síðan eitt ár. Að öðru leyti gilda um lok leigusamnings, uppsögn, riftun o.fl. ákvæði XI. og XII. kafla húsaleigulaga nr. 36/1994.

11. gr.

Um réttindi og skyldur leigusala og leigukaupa gilda að öðru leyti öll ákvæði húsaleigulaga eftir því sem við getur átt í hverju tilviki.

12. gr.

Félagsmálanefnd heldur ekki biðlista yfir umsækjendur um leigu á íbúðum þeim sem reglur þessar taka til. Losni íbúð úr leigu skal hún auglýst laus til umsóknar með áberandi hætti á þann veg sem venja er að birta opinberar auglýsingar í sveitarfélaginu. Umsókn er því aðeins gild að henni sé skilað á sérstöku eyðublaði, sem félagsmálanefnd lætur umsækjendum í té. Öllum umsóknum skal svarað skriflega innan hóflegs frests.

13. gr.

Telji umsækjandi um leiguíbúð á rétt sinn hallað af hálfu félagsmálanefndar getur hann skotið máli sínu til úrskurðarnefndar félagsþjónustu, sbr. 63. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga með síðari breytingum.

14. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 21. gr. reglugerðar nr. 873/2001, um lánveitingar til leiguíbúða, ráðstöfun þeirra og rekstur, voru samþykktar á fundi sveitarstjórnar Eyjafjarðarsveitar þann 28. október 2003 og öðlast þegar gildi.

Syðra-Laugalandi, 14. nóvember 2003.

Bjarni Kristjánsson sveitarstjóri.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Eyjafjarðarsveit.

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Leifsstaða í Eyjafjarðarsveit.

Breytingin felur í sér breytta aðkomu að lóðum nr. 8, 9 og 10. Jafnframt færast mörk þeirra um 10 metra til vesturs. Ný lóð, nr. 6, bætist við á svæðið.

Eyjafjarðarsveit, 14. nóvember 2003.

Bjarni Kristjánsson sveitarstjóri.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 540/2001, um tímabundna endurgreiðslu 2/3 hluta virðisaukaskatts vegna kaupa eða leigu hópferðabifreiða.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Eftir ákvæðum reglugerðar þessarar geta þeir sem leyfi hafa til fólksflutninga í atvinnuskyni samkvæmt lögum nr. 13/1999 um skipulag á fólksflutningum með hópferðabifreiðum fengið endurgreidda 2/3 hluta þess virðisaukaskatts sem greiddur var/er vegna kaupa eða leigu hópferðabifreiða 1. september 2000 til 31. desember 2005.

2. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Endurgreiðsluheimild skv. 1. gr. er bundin við hópferðabifreiðir, sem nýskráðar eru á tímabilinu 1. september 2000 til 31. desember 2005 og búnar eru aflvélum samkvæmt EUR02 staðli ESB, eða sambærilegum aflvélum. Með hópferðabifreiðum er átt við ökutæki sem aðallega er ætlað til fólksflutninga og skráð er fyrir 18 menn eða fleiri að meðtöldum ökumanni. Heimildin tekur ekki til almenningsvagna.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í ákvæði til bráðabirgða með lögum nr. 57/2001, um breyting á lögum um virðisaukaskatt nr. 50/1988, með síðari breytingum, og 49. gr. laga nr. 50/1988, og öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytinu, 20. nóvember 2003.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Elmar Hallgríms.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi við Vesturhraun 1 í Molduhrauni í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt tillögu að breytingu á deiliskipulagi við Vesturhraun 1 í Garðabæ. Í breytingunni felst að byggingarreitur hefur verið stækkaður.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Skipulagið öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

F.h. Garðabæjar, 14. nóvember 2003.

Bergljót S. Einarsdóttir skipulagsfulltrúi.

AUGLÝSING

um skrár Rangárþings ytra skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Lagt fyrir hreppsráð 13. nóvember 2003 til samþykktar að viðhöfðu samráði við hlutaðeigandi stéttarfélög starfsmanna.

I. Listi yfir þau störf sem falla undir 6. - 7. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Yfirstjórn:

sveitarstjóri

skrifstofustjóri

Félagspjónusta:

félagsmálafulltrúi

Fræðslumál:

skólastjórar grunnskóla

skólastjórar leikskóla

Íþrótt- og æskulýðsmál:

umsjónarmaður íþróttamannvirkja á Hellu og í Þykkvabæ

Skipulags- og byggingamál:

skipulags- og byggingafulltrúi

Stjórnslásla og fjármál:

bókari og hreppsnefndarritari

launafulltrúi

Umhverfis-, veitu- og tæknideild:

verkstjóri áhaldahúss

aðstoðarverkstjóri áhaldahúss

Fyrirtæki:

starfsmaður eignaumsjónar

II. Listi yfir þau störf sem falla undir 5. tl. 1. mgr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.*Íþrótt- og æskulýðsmál:*

yfirhúsvörður Laugalandi

húsvörður Grunnskólans á Hellu

húsvörður skóla- og íþróttamannvirkja í Þykkvabæ

*Hellu, 18. nóvember 2003.***Guðmundur Ingi Gunnlaugsson**, sveitarstjóri Rangárþings ytra.**REGLUGERÐ****um breytingu á reglugerð um gerð og búnað ökutækja,
nr. 308 15. apríl 2003, með síðari breytingu.**

1. gr.

Ný 3. mgr. í 3. gr., liður 03.01 (1) hljóðar svo: Merking á efni í íhlutum ökutækja vegna úreldingar þeirra telst vera fullnægjandi ef ákvæði EB-tilskipunar nr. 2000/53 eru uppfyllt.

2. gr.

Lágmarksgildi við Hópbifreið IIB í töflu 8.3 í lið 08.12 (3) í 8. gr. verður 680 mm.

3. gr.

Liður 12.20 (1) í 12. gr. hljóðar svo: Bifhjól skal búið hraðamæli.

4. gr.

Ný lína bætist við lista í viðauka II, sbr. svohljóðandi:

2000/53	Endurvinnsla	5	5	5	5	5											
---------	--------------	---	---	---	---	---	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--	--

5. gr.

Ný lína bætist við listann **Bifreiðar og eftirvagnar** í viðauka III, svohljóðandi:

2000/53/EB		Endurvinnsla	03.01 (1)
------------	--	--------------	-----------

6. gr.

Ný lína bætist við listann **Bifreiðar og eftirvagnar** í viðauka IV, svohljóðandi:

XX32e	Endurvinnsla		L 269 21.10.2000	***162/2001, 92/2003
-------	--------------	--	------------------	----------------------

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 60. gr. umferðarlaga nr. 50 30. mars 1987 til innleiðingar á tilskipun 2000/53/EB, sem vísað er til í lið 32da, viðauka XX, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 162/2001, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 20. nóvember 2003.

Björn Bjarnason.

Björn Friðfinnsson.

REGLUGERÐ

um takmörkun á notkun og markaðssetningu nónýlfenóls og nónýlfenóletoxýlata.

1. gr.

Markmið reglugerðar þessarar er að takmarka markaðssetningu og notkun nónýlfenóls og nónýlfenóletoxýlata og vernda með því umhverfið.

2. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar gilda um nónýlfenól ($C_6H_4(OH)C_9H_{19}$), nónýlfenóletoxýlöt (C_2H_4O)_n $C_{15}H_{24}O$) og vörur sem innihalda þessi efni.

3. gr.

Óheimilt er að framleiða, flytja inn, selja, dreifa eða nota nónýlfenól og nónýlfenóletoxýlöt til eftirfarandi nota hvort sem er á hreinu formi eða í blöndu enda sé massahlutfall þeirra 0,1% eða hærra:

- Við hreinsun í iðnaði eða á vegum stofnana nema í lokuðum kerfum í þurrhreinsun þar sem þvottavökvinn er endurnýttur eða brenndur eða í öðrum hreinsikerfum þar sem þvottavökvinn er sérstaklega meðhöndlaður og hann endurnýttur eða brenndur.
- Í hreinsiefni til notkunar í heimahúsum.
- Við vinnslu textíl- og leðurvara nema við vinnslu þar sem engin losun er út í fráveitu eða í kerfum með sérstakan útbúnað fyrir meðhöndlun vatnsins sem er meðhöndlað þannig að lífræni hlutinn er fjarlægður að fullu áður en kemur að líffræðilegu niðurbroti frárennslisins svo sem við affitun sauðagæra.
- Sem ýruefni í spenadyfur til notkunar í landbúnaði.
- Við málmvinnslu nema í lokuðum kerfum þar sem þvottavökvinn er endurnýttur eða brenndur.
- Við framleiðslu trjákvöðu eða pappírs.
- Í snyrtivörur.
- Í vörur til persónulegra nota aðrar en snyrtivörur nema í sæðisdrepani efni.
- Sem hjálparefni í varnarefni og sæfiefni.

4. gr.

Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga, undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar, hafa eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar.

5. gr.

Með brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar skal farið samkvæmt 26. gr. laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. gr. laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni.

Einnig er höfð hliðsjón af ákvæðum 4. tl., XV. kafla, II. viðauka sammingsins um Evrópskt efnahagssvæði, tilskipun 76/769/EBE um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnýslu-fyrirmælum aðildarríkjanna varðandi takmörkun á sölu og notkun tiltekinna skaðlegra efna og efnablandna, eins og henni var breytt með tilskipun 2003/53/EB.

Reglugerðin öðlast gildi 1. janúar 2004.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. er heimilt að selja og nota vörur sem innihalda nónýlfenól og nónýlfenóletoxýlöt til 1. júlí 2004.

Umhverfissráðuneytinu, 20. nóvember 2003.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING**um hættumat fyrir Patreksfjörð.**

Samkvæmt 2. mgr. og 4. mgr. 4. gr. laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 49/1997 með síðari breytingum hefur ráðherra þann 20. nóvember 2003 staðfest tillögur hættumatsnefndar Vesturbyggðar að hættumati vegna ofanflóða fyrir Patreksfjörð.

Hættumatið hefur verið auglýst og kynnt í samræmi við 2. mgr. 4. gr. laga nr. 49/1997, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 505/2000 um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættusvæða og gerð bráðabirgðahættumats.

Hættumatið öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 20. nóvember 2003.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um skipulag á Akureyri.

Breyting á deiliskipulagi Oddeyrar.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 2. september 2003 í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingu á deiliskipulagi reits nr. 6593 á Oddeyri. Breytingin varðar norðausturhluta reitsins, þar sem fyrra deiliskipulag gerði ráð fyrir tveimur nýjum parhúsum á aðskildum lóðum. Meginbreytingin er sú að bæði þessi hús verða fjölbýlishús með 4 íbúðum í hvoru og þau standa á einni sameiginlegri lóð.

Bæjarstjórn lýsir því yfir að hún tekur að sér að bæta það tjón sem einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

Akureyri, 14. nóvember 2003.

F.h. Akureyrarbæjar,

Bjarni Reykjalin, skipulags- og byggingarfulltrúi.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Kópavogi.

Smáratorg 3. Deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarstjórn Kópavogs þann 22. apríl 2003 samþykkt tillögu að deiliskipulagi á lóð Smáratorgs við Dalveg (merkt 3). Í tillögunni felst að byggt verði skrifstofu- og verslunarhús á suðurhluta lóðarinnar (að Fífuhvamsvegi) að heildarflatarmáli um 20.000 m² þar af um 7.500 m² í bílageymslukjallara, rúmir 4.000 m² í einnar hæðar verslunarhúsnæði og rúmir 8.000 m² í skrifstofuturni sem mun rísa 19 hæðir upp úr verslunarhúsnæðinu. Tillagan er sett fram á uppdráttum í mkv. 1:500, 1:1000 og 1:5000 dags. 25. ágúst 2002 ásamt greinargerð og skýringarmyndum. Á fundi skipulagsnefndar 15. apríl 2003 var tillagan lögð fram að nýju ásamt framkomnum athugasemdum og ábendingum er borist höfðu á kynningartíma. Skipulagsnefnd samþykkti framlagða tillögu að deiliskipulagi Smáratorgs 3 ásamt umsögn bæjarverkfræðings og skipulagsstjóra, dags. 25. mars 2003 um ofangreindar athugasemdir og ábendingar og vísaði málinu til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar. Í bókun lagði nefndin jafnframt til við bæjarráð að bæjarverkfræðingi verði falið að leita samninga við lóðarhafa Smáratorgs og Smáralindar um fyrirhugað tengiplan/bílastæði milli Smáratorgs og Smáralindar þ.e. yfir Fífuhvamsvegi; að haldið sé opnum þeim möguleika, í skipulagningu aðalगतnakerfisins á svæðinu, að Digranesvegur framlengist í austur undir Reykjanesbraut inn á lóð Linda IV. Þá benti nefndin jafnframt á nauðsyn þess að komið verði fyrir tengingu af Fífuhvamsvegi inn á lóð Smáratorgs. Á ofangreindum fundi bæjarstjórnar var jafnframt áréttuð bókun skipulagsnefndar frá 15. apríl 2003.

Með tilvísan í framkomnar athugasemdir og ábendingar hafa eftirfarandi breytingar verið gerðar á auglýstri tillögu að deiliskipulagi Smáratorgs 3: framsetning gildandi deili-

skipulags leiðrétt og greinargerð færð inn á uppdráttinn; bílastæðakjallari minnkaður; endurskoðun á fyrirkomulagi bílastæða, bæði í fyrirhuguðum kjallara og á þaki Smáratorgs 3, við þetta fækkaði bílastæðum um 5 (verða 1.120 í stað 1.125), en bílastæðapörf lóðarinnar er áætluð 995; byggingarreitur ofanjarðar tilgreindur skýrar; akstursleiðir vegna lúgusölu við Smáratorg 5 (McDonald's) hafa verið endurskoðaðar og málsgrein um gerð og útlit byggingar bætt inn í greinargerð. Ofangreindar leiðréttingar/breytingar á framlögðum gögnum voru kynntar og staðfestar í skipulagsnefnd 18. nóvember 2003 og í bæjarráði Kópavogs 20. nóvember 2003.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Nánari upplýsingar eða gögn um ofangreindar deiliskipulagsáætlanir og afgreiðslu þeirra er hægt að nálgast á bæjarskipulagi Kópavogs, Fannborg 6, 200 Kópavogi, milli kl. 8.00 og 16.00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá kl. 8.00 til 14.00.

Kópavogi, 24. nóvember 2003.

Birgir H. Sigurðsson skipulagsstjóri.

REGLUR

um Heilbrigðisvísindastofnun Háskólans á Akureyri.

1. gr.

Almennt.

Heilbrigðisvísindastofnun Háskólans á Akureyri (HHA) er vísindaleg rannsóknastofnun sem til var stofnað með rammasamningi um samstarf milli Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri (FSA) og Háskólans á Akureyri (HA) dagsettu 7. október 2002. Með samningnum vilja FSA og HA efla kennslu og rannsóknir í heilbrigðisvísindum með því að auka samstarf og gera þessa þætti í starfi stofnananna sýnilegri. Á ensku ber stofnunin heitið „Institution of Health Science Research, University of Akureyri“.

2. gr.

Hlutverk.

Meginhlutverk stofnunarinnar eru eftirfarandi:

- a. að vera sameiginlegur vettvangur til rannsókna fyrir starfsmenn FSA og HA, svo og annarra heilbrigðisstofnana eftir nánara samkomulagi við þær,
- b. að efla tengsl rannsókna og kennslu og samhæfa rannsóknir í heilbrigðisvísindum sem unnar eru við HA, FSA og aðrar heilbrigðisstofnanir,
- c. að styðja kennslu og þjálfun í vísindalegum vinnubrögðum og veita nemendum í framhaldsnámi í heilbrigðisgreinum aðstoð við rannsóknastörf eftir því sem kostur er,
- d. að stuðla að samstarfi við innlenda og erlenda rannsóknaaðila á sviði heilbrigðisvísinda og sterkum tengslum við atvinnu- og þjóðlíf,
- e. að sinna þjónustuverkefnum í rannsóknum á heilbrigðissviði,
- f. að gefa út og kynna niðurstöður rannsókna í heilbrigðisvísindum,

- g. að veita fræðslu og ráðgjöf varðandi málefni tengd heilbrigðisþjónustu,
- h. að standa fyrir og stuðla að því að haldin séu málþing og ráðstefnur á sviði heilbrigðisvísinda,
- i. að halda eða stuðla að því að haldin séu námskeið og fyrirlestrar.

Að öðru leyti mótar stjórn stofnunarinnar starfsemi hennar.

3. gr.

Stjórn.

Stefnunefnd HA/FSA (sbr. rammasamning) er jafnframt stjórn Heilbrigðisvísindastofnunar og er formaður stefnunefndar einnig stjórnarformaður HHA. Stefnunefndin/stjórnin velur forstöðumann hennar til þriggja ára í senn. Forstöðumaður HHA skal sitja fundi stefnunefndar þegar málefni hennar eru þar á dagskrá og þegar haldnir eru sérstakir stjórnarfundir stofnunarinnar. Forstöðumaður sér um daglegan rekstur stofnunarinnar og framfylgir stefnu og ákvörðunum stjórnar á hverjum tíma. Stjórnin mótar stefnu stofnunarinnar og setur reglur um þá þætti í starfsemi hennar sem þurfa þykir á hverjum tíma. Þá sker stjórnin úr vafatriðum sem upp kunna að koma og varða innri starfsemi stofnunarinnar.

4. gr.

Stjórnarfundir.

Stjórn Heilbrigðisvísindastofnunar skal reglulega halda sérstaka stjórnarfundir fyrir stofnunina þar sem málefni hennar skulu tekin á dagskrá. Stjórnarfundir skal að jafnaði halda einu sinni í mánuði og eigi sjaldnar en ársfjórðungslega. Skyld er að boða stjórnarfund óski tveir eða fleiri stefnunefndarmenn þess. Falli atkvæði jöfn á slíkum fundi ræður atkvæði formanns eða þess sem gegnir formannsstörfum. Stjórnin heldur fundargerðir þar sem ákvarðanir hennar skulu skráðar. Fundargerðir skulu staðfestar í lok fundar, en eigi síðar en á næsta fundi á eftir. Heimilt er að halda stjórnarfundir með fundum stefnunefndar eða í beinu framhaldi af þeim en þá skulu dagskrárliðir aðskildir og þeir þættir sem lúta að starfsemi HHA færðir sérstaklega til bókar sem fundargerð stjórnar HHA.

5. gr.

Aðstaða.

HA og FSA láta stofnuninni í té starfsaðstöðu, svo sem húsnæði og búnað í samræmi við ákvæði samstarfssamnings milli stofnananna.

6. gr.

Ráðning starfsmanna.

Starfsmenn heilbrigðisstofnana sem uppfylla hæfisskilyrði um stöðu háskólakennara, sbr. lög um háskóla nr. 136/1997, á vettvangi fræða sem annaðhvort eru kennd við heilbrigðisdeild HA eða tengjast viðfangsefnum hennar, geta sótt um stöður við HHA. Stöðunum fylgir að lágmarki 20% vinnuskylda við heilbrigðisdeild HA sem skiptist að jafnaði þannig að 50% fer til kennslu og 50% til rannsókna. Heimilt er að semja um aðra skiptingu á hlutfalli kennslu og rannsókna. Um umbun fyrir þetta vinnuframlag er samið sérstaklega við þá stofnun þar sem umsækjandi er í aðalstarfi. Stefnunefnd ákveður hversu margar stöður eru heimilar við HHA á hverjum tíma. Stöðurnar veitast til þriggja ára í senn. Rektor ræður í stöður við HHA að fengnu áliti dómnefndar HA, heilbrigðisdeildar HA og stefnunefndar. Stöðurnar eru auglýstar á innra neti viðkomandi stofnana.

Dómnefnd HA metur hæfi umsækjenda um stöður við Heilbrigðisvísindastofnun samkvæmt þeim reglum sem gilda um ráðningu í stöður við HA (3. gr. laga um Háskólann á

Akureyri nr. 40/1999). Dómnefndin ákveður hæfi umsækjenda til þess að gegna stöðu lektors, dósentis eða prófessors. Sá sem hlýtur slíkan hæfisdóm skal njóta sambærilegra réttinda og gegna sambærilegum skyldum og lektorar, dósentar og prófessorar eftir því sem við á, þótt þeir séu ráðnir í aðalstarf við aðra stofnun, enda sé slíkt í samræmi við lög, reglugerðir og kjarasamninga (sbr. 8. gr. reglna fyrir HA frá 3. desember 1999). Um framgang gilda sömu reglur fyrir þessar stöður og gilda um kennara HA. Að öðru leyti taka réttindi og skyldur mið af gildandi kjarasamningi viðkomandi starfsmanns og reglna Háskólans á Akureyri.

7. gr.

Rannsóknir við Heilbrigðisvísindastofnun.

Rannsóknir við Heilbrigðisvísindastofnun eru vistaðar við heilbrigðisdeild HA. Birting vísindagreina eða annars afraksturs rannsóknanna, s.s. kynningar rannsóknaverkefna og útdráttá á ráðstefnum eða í fjölmiðlum, skal, auk þess að vera í nafni viðkomandi vísindamanns, einnig vera í nafni Háskólans á Akureyri og FSA. Heilbrigðisvísindastofnun heldur árlega kynningu á rannsóknaverkefnum sem unnin eru við stofnunina.

Í upphafi hvers árs skulu þeir sem ráðnir eru að Heilbrigðisvísindastofnun gera rannsóknasviði HA grein fyrir áætlunum sínum varðandi rannsóknir og gefa skriflega skýrslu um rannsóknir liðins árs.

8. gr.

Fjármál, fjárhagsáætlun, reikningsár, ársreikningur o.fl.

Tekjur HHA geta verið eftirfarandi:

- a. styrkir til einstakra verkefna
- b. greiðslur fyrir þjónustustarfsemi
- c. tekjur af útgáfustarfsemi
- e. aðrar tekjur, t.d. gjafir

Við stofnunina er heimilt að starfrækja rannsóknasjóð. Um hann gilda reglur sem stjórn stofnunarinnar (stefnunefnd) setur.

Reikningshald stofnunarinnar skal vera hluti af reikningshaldi Háskólans á Akureyri. Stjórnin ber fjárhagslega ábyrgð á HHA. Hún samþykkir rekstrar- og fjárhagsáætlun hvers árs fyrir upphaf nýs starfsárs. Samningar um þjónusturannsóknir þurfa samþykki stjórnar.

Sé um að ræða útselda þjónustu, sem veitt er í samkeppni við einkaaðila, skal sú starfsemi fjárhagslega afmörkuð frá öðrum rekstri stofnunarinnar í samræmi við ákvæði samkeppnislaga.

9. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar sem stefnunefnd HA hefur sett öðlast gildi með samþykkt háskólaráðs á grundvelli heimildar í 15. gr. laga nr. 40/1999 um Háskólann á Akureyri.

Þannig samþykkt af háskólaráði þann 20. júní 2003.

Háskólanum á Akureyri, 20. nóvember 2003.

Þorsteinn Gunnarsson rektor.

Sigrún Sveinbjörnsdóttir,
varaforseti háskólaráðs.

GJALDSKRÁ

Meindýravarna Reykjavíkurborgar.

1. gr.

Fyrir þjónustu og útrýmingarefni Meindýravarna Reykjavíkurborgar skal Umhverfis- og heilbrigðisstofa Reykjavíkur innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

Tímagjald skal innheimt fyrir eyðingu meindýra en þó skal ekkert gjald tekið fyrir eyðingu á músum og rottum. Tímagjald vegna þjónustuverkefna og gjald fyrir akstur skal vera sem hér segir:

Tímagjald	2.500 kr./klst.
Akstur	1.050 kr./ferð.

3. gr.

Fyrir útrýmingarefni skal greiða gjald m.v. innkaupaverð og notað magn efnis ásamt 40% umsýsluþóknun. Verð útrýmingarefna sem framleidd eru af Meindýravörnum Reykjavíkurborgar skal jafnframt innifela tímagjald vegna framleiðslu efnanna.

4. gr.

Gjaldskrá þessi sem samin er og samþykkt af borgarráði Reykjavíkur, með heimild í 5. mgr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

Reykjavík, 18. nóvember 2003.

Borgarstjórinn í Reykjavík,

Pórólfur Árnason.

AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu um gjaldskrá, gjaldskyldutíma og leyfilegan hámarkstíma á gjaldskyldum stöðureitum í Reykjavík.

Borgarstjórn Reykjavíkur ákvað á fundi sínum 6. nóvember 2003 eftirfarandi breytingar á auglýsingu um gjaldskrá, gjaldskyldutíma og leyfilegan hámarkstíma á gjaldskyldum stöðureitum í Reykjavík nr. 312/2000, sem sett er með tilvísan til 83. gr. umferðarlaga nr. 50/1987:

2. málslíður 1. töluliðs 2. mgr. hljóði svo:
Leyfilegur hámarkstími verði ótakmarkaður.

2. málslíður 2. töluliðs 2. mgr. hljóði svo:
Leyfilegur hámarkstími verði ótakmarkaður.

Breytingar þessar taka þegar gildi.

Reykjavík, 6. nóvember 2003.

Borgarstjórinn í Reykjavík,

Pórólfur Árnason.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Reykjavík.

1. gr.

Innheimta skal gjald fyrir sorphirðu í Reykjavík svo sem nánar greinir í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Sorphirðugjald fyrir íbúðarhúsnæði:

Tunna 240 l	<i>Vikuleg tæming:</i> 7.478 kr./ári
Ker 660 l	26.173 kr./ári
Ker 1100 l	37.390 kr./ári
Tunnuleiga er innifalin í gjaldinu.	

3. gr.

Sorphirðugjald fyrir atvinnuhúsnæði:

Tunna 240 l	<i>Vikuleg tæming:</i> 11.374 kr./ári
Ker 660 l	39.809 kr./ári
Ker 1100 l	56.870 kr./ári
Tunnuleiga er innifalin í gjaldinu.	

4. gr.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi. Innheimtudeild Reykjavíkurborgar annast innheimtu gjalda skv. gjaldskrá þessari.

5. gr.

Gjalddagi gjalda skv. 2. og 3. gr. er útgáfudagur reiknings og eindagi 30 dögum síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga, séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

6. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af borgarráði Reykjavíkur með heimild í 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, og 21. gr. reglugerðar nr. 805/1999 um úrgang, staðfestist hér með og öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 8/2003 um sorphirðu í Reykjavík.

Reykjavík, 18. nóvember 2003.

Borgarstjórinn í Reykjavík,

Þórólfur Árnason.

